



AFMÆLISRIT
SKAUTAFÉLAG
REYKJAVÍKUR





Loftleiðir senda

SKAUTAFÉLAGI REYKJAVÍKUR

beztu afmælisóskir



SKAUTAFÉLAG REYKJAVÍKUR

I. TBL.

1969

Ávarpsorð

Góðir félagar.

Mörgum mun eflaust finnast, að rit þetta sé full seint á ferð, þar sem ekkert slíkt hefur komið út í 30 ár, en eitt sinn verður allt fyrst, og svo er um þetta. Það er von ritnefndar að viljinn verði tekinn fyrir verkið, með þetta fyrsta félags- og afmælisrit Skautafélags Reykjavíkur, því ef lagður er saman aldur beggja þeirra félaga, sem borið hafa nafnið Skautafélag Reykjavíkur, er útkoman 75 ár. Eins og að líkum lætur, hefur margt skeð á 75 árum, og væri það alltof langt mál að þylja það upp í litlu félagsriti, og verður því aðeins reynt að láta það koma fram, sem að okkar dómi á beztu heima í blaðinu og mesta ánægju veitir.

Skautafélag Reykjavíkur hefur átt marga góða og gegna forystumenn, bæði hið yngra félag, sem og hið eldra, en vegna hinna erfiðu ævingaskilyrða, sem hér hafa verið, hefur því verið mjög þröngur stakkurur skorinn, og því ekki unnizt það á, sem skyldi. Það er ef til vill vegna hinna erfiðu lífsskilyrða félagsins sem það hefur eignast eins marga velunnara, sem raun ber vitni, því án styrkja þeirra, bæði í auglýsingaformi og með öðru móti, hefði útkoma þessa rits verið ókleif, og viljum við nota tækifærið nú og þakka alla veitta aðstoð okkur til handa, í sambandi við útgáfu þessa afmælisrits.

Á æfingum Skautafélagsins að undanförmu, hefur mikill áhugi og eining ríkt, og ber það gott vitni góðu og þroskandi félagsstarfi, enda hefur aðstaða til æfinga nokkuð batnað, þó hún sé ekki nándar nærri nógu góð, en úr því vonum við að rætist fljótlega.

Í flestum íþróttafélögum þykir sjálfsagt að gefa út eitt eða fleiri félagsblöð á ári, en af því leiðir, að fleiri geta fylgst með framgangi viðkomandi íþróttafélaga og gert sér fyllri grein fyrir starfsemi þeirra, og vitaskuld leggur þetta fólk hönd á plóginn, ef með þarf, við uppbyggingu félagsins, enda oftast um gamla félaga að ræða, sem hættir eru að æfa íþróttir, en geta gert ómetanlegt gagn við félagslegar uppbyggingar, beiti það sér að því. Hjá Skautafélagi Reykjavíkur er það ekki meiningin að gefa árlega út félagsblað, þótt slíkt væri æskilegt, heldur er meiningin að gefa út fjölritað fréttarit, sem gefur góða yfirsýn yfir árlega starfsemi þess. Vonum við ennfremur, að sem flestir af eldri félagsmönnum fylki sér aftur undir merki félagsins. Nóg er að starfa.


Í von um, að orð okkar fái góðan hljómgrunn, og að viðleitni okkar með útgáfu þessa rits verði einhvers metin, þökkum við enn veitta aðstoð —. Við óskum Skautafélagi Reykjavíkur til hamingju með bæði 75 og 30 ára afmælið, og við vonum að því auðnist að verða allra íþróttafélaga elzt.

Með beztu framtíðaróskum.

Ritnefnd.

Stjórn Skautafélags Reykjavíkur


1969



*Ágúst B. Karlsson,
formaður.*




*Sigurjón Sigurðsson
varaformaður.*



*Kristján Jóh. Agnarsson
ritari*



*Sveinn Kristdórsson,
gjaldkeri.*



*Ólafur Björgvinsson,
spjaldskrárritari.*



*Andrés Sigurðsson,
ritari frá 1. 2. '69.*

Skautafélag Reykjavíkur

30 ára

Svo segir í fundarbók félagsins:

Stofnfundur var haldinn í Skautafélagi Reykjavíkur 31. október 1938 í Iðná.

Af hálfu Í.S.Í. var mættur forseti Í.S.Í., Benedikt G. Waage. Lagði hann fram lista með árituðum nöfnum 30 stofnenda, og voru flestir þeirra mættir á fundinum, auk margra annara. Hann færði öflug rök fyrir stofnun félags er annaðist áhugamál skautamanna og eflingu skautaíþróttarinnar.

Í reglugerð félagsins er meðal annars þetta: 2. gr. Tilgangur félagsins er að vekja og glæða áhuga manna á skautaíþróttinni, með því að stuðla að iðkun skautafara, stofna til skautamóta og námskeiða, og á annan hátt efla skautaíþróttina.

Í stuttri grein er auðvitað ekki hægt að skýra nákvæmlega frá störfum félagsins á þessum árum, því verður aðeins stiklað á stóru.

Fyrsti formaður félagsins var Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri, aðrir í stjórn voru Júlíana Isebarn, Eypór Ólafsson, Björn Þórðarson og Katrín Viðar.

Á þessum fyrstu árum fékk félagið leyfi bæjarstjórnar Reykjavíkur og lögreglustjóra til að hafa skautasvell á litlu Tjörninni. Var þetta svell mjög vel sótt af yngri og eldri. Horfið var þó frá því seinna að hafa svellið þar, vegna gróðursetningar trjáa í Hljómskálagarðinum, það var ekki hægt að verja þau skemmdum vegna umferðarinnar. Man ég, að við, sem vorum í

forustu skautamálanna stóðum mörg kvöld vörð á tjarnarbakkanum, til að verja gróðurinn. Kristján Einarsson styrkti félagið til að eignast lítið skýli, sem þar var haft fyrir skógeymslu o. fl. Við fengum leyfi til að selja inn á svellið, og var gjaldið 25 aurar á mann. Talinn var lauslega fjöldinn á svellinu og voru þar oft um þrjú þúsund manns, auk barna.

Félagið hafði einnig skemmtifundi, og voru þar sýndar skautamyndir og fleira. Á fyrsta skemmtifundi félagsins að Hótel Borg hélt dr. med. Gunnlaugur Classen erindi um skautahlaup Reykvíkinga fyrir 25 árum, en þá var hér starfandi öflugt skautafélag, sem einnig hét Skautafélag Reykjavíkur. Formaður þess var Ólafur Björnsson, ritstjóri, og síðar Ingibjörg Brands, leikfimiskennari, sem allir Reykvíkingar könnuðust við. Við fráföll hennar féll þessi starfsemi niður og félagsskapur var enginn í mörg ár.

Skautafélagið flutti svo bækistöð sína, eins og áður er sagt, af litlu Tjörninni á



„Litla-Tjörnin“, svæði félagsins.



Skúr félagsins lagfærður.

stóru Tjörnina, og var síðan í mörg ár starfrækt skautasvell þegar tækifæri gafst, vegna veðurs, meðfram Tjörnninni fyrir framan brunastöðina gömlu. Þar fékk félagið leyfi bæjarráðs til að leggja sérstaka vatnsleiðslu fyrir skautasvellið, sömuleiðis var komið þar upp ljóskösturum og keyptar slöngur, svo hægt væri að dæla vatni á ísinn. Auk þess kom Skautafélagið upp litlum skúr, sem stóð á vetrum við Tjörnina. Þar hafði félagið skó- og verkfærageymslu, einnig dálitla sөлgætissölu til tekjuöflunar, því allt þetta kostaði mikið fé, en félagið hafði ekki mikla tekjuöflunarmöguleika. Einnig hjálpaði Ríkisútvarpið félaginu með því að varpa hljóðfæraleik yfir svellið.

Fórráðamenn Reykjavíkurborgar voru

alltaf mjög hlyntir Skautafélaginu. Veittu árlega fjárframlag á fjárhagsáætlun bæjarins, til viðhalds skautasvelli í Reykjavík og veittu Skautafélaginu umboð til að sjá um skautamál bæjarins. Á seinni árum var þessu breytt, og tók þá Íþróttabandalag Reykjavíkur við öllu því fé, er ráðstafa átti til íþróttamálanna í Reykjavík, þar á meðal skautamálanna og hætti þá Skautafélag Reykjavíkur að sjá um skautasvellið.

Skautafélagið fór margar skautafærðir út úr bænum á veturna, á Þingvallavatn, Elliðavatn og Rauðavatn. Var þetta dásamleg skemmtun. Einnig voru hér haldin skautamót, landsmót og Reykjavíkurmót. Fóru skautamenn héðan norður til Akureyrar og kepptu þar, og Akureyringar komu hingað. Fyrsti Íslandsmeistarinn í hraðhlaupi á skautum var Ólafur Jóhannesson frá Skautafélagið Reykjavíkur.

Katrín Viðar, Lárus Salómonsson, Ólafur M. Pálsson og Sigurjón Sigurðsson hafa verið formenn félagsins eftir að Kristján Einarsson hætti.

Eins og allir Reykvíkingar vita er veðráttan hér sunnanlands með afbrigðum óstöðug, og hefur hún alltaf verið Þrándur í Götu öllum framkvæmdum við skautasvell úti undir beru lofti. Þess vegna var



*Júliana Iseborn
og Sigurjón
Danivalsson á
æfingu
Skátaheimilinu.*

undir eins í byrjun farið að ræða möguleika á að koma upp innanhúss skautasvelli.

Sigurjón Danivaldsson (sem var ásamt Júlíönu Isebarn öll þau ár í stjórn félagsins, sem ég var formaður), hafði fengið Egil Vilhjálmsson forstjóra með sér í félag er þeir nefndu „Skautahöllin hf.“ til að byggja skautahöll hér í Reykjavík. Var hlutafé þegar tryggt, og bæjarráð hafði veitt þeim húsbyggingarleyfi á lóð þeirri er Heilsuverndarstöðin stendur nú. Þá var svo kveðið á í lögum borgarinnar, að byggja yrði innan ákveðins tíma á lóð þeirri er búið var að veita, annars yrði lóðin notuð undir annað. Þetta var á stríðsárunum og miklir erfiðleikar voru á að fá byggingarefni og flutning til landsins. Dróst þá heldur lengur en ákveðið hafði verið að byrja á verkinu. Samt var Sigurjón Danivaldsson staddur vestur í Ameríku, og var búinn að fá hluta af byggingarefninu og leyfi til að flytja það heim, þegar bæjarráð ákvað að svifta þá félagana lóðinni og láta byggja Heilsuverndarstöðina á þessari sömu lóð. Var þetta hörmulegt, vegna þess að teikningar voru fullgerðar að þessu húsi og átti að fara að byrja á framkvæmdum. Sigurjóni Danivaldssyni féll þetta mjög þungt, því hann var búinn að leggja afar mikla vinnu og fjármagn í þennan undirbúning. Hann var mikill drengskapar- og hugsjónamaður.

Bæjarráð bauð þá þeim félögum lóð í Tungutúni í staðinn, en Egill Vilhjálmsson tók þá sitt hlutafé aftur, af því að hann vildi ekki byggja þar.

Skautafélagið var þá orðið aðili að Skautahöllinni hf. Var þá ákveðið að Skautafélagið byrjaði að afla fjár til Skautahallarinnar með happdrætti og ýmsu öðru, meðal annars söfnunar á dagsverkum.

Er Bandalag Æskulýðsfélaganna í



T. v. Reidar Liaklev, t. h. Gunnar Axelsson.

Reykjavík, B.Æ.R., var stofnað, varð samkomulag milli stjórnar B.Æ.R. og Skautahallarinnar hf. um að sameina Skautahöllina og væntanlega Æskulýðshöll, og var kosin framkvæmdanefnd frá Skautafélaginu í B.Æ.R. Var þá einnig ákveðið að Skautafélagið og Sigurjón Danivaldsson afhentu B.Æ.R. lóð þá, sem Skautahöllin hf. hafði fengið hjá bæjarráði, undir Æskulýðshöll. Skautafélagið afhenti einnig stjórn Æskulýðshallarinnar fé það, er safnast hafði hjá félaginu, þó með því skilyrði, að ekki yrði byrjað seinna á skautasalnum, en öðrum hluta hallarinnar.

Veit ég ekki betur, en að fyrsta fé er greitt var til þessarar byggingar hafi verið frá Skautafélagi Reykjavíkur og það



Iðandi líf á Tjörnninni 1965.

hafi verið notað til að gera frumteikningu að Æskulýðshöllinni.

Ásmundur Guðmundsson biskup lagði svo hornsteininn að Æskulýðshöllinni, en það varð úr að Íþróttabandalag Reykjavíkur tók alla starfsemi B.Æ.R. í sínar hendur.

Ég veit að þetta er algerlega ófullnægjandi yfirlit yfir starf Skautafélagsins á þessum árum, en ég get ekki lokið svo við orð mín, að ég ekki þakki þeim samstarfsmönnum mínum, sem voru með mér í stjórn flest þessara ára og unnu mikið og fórnfúst starf.

Nú veit ég, að félagið hefur fengið unga

og áhugasama félagsmenn, sem vilja af alhug vinna að eflingu skautaíþróttarinnar, og óska ég þeim gæfu og gengis í starfi sínu.

Þessi íþrótt er ein sú heilsusamlegasta, fallegasta og skemmtilegasta íþrótt, sem hægt er að stunda, bæði fyrir börn og fullorðna.

Vildi ég óska að Æskulýðssamtökin í Reykjavík sameinuðust til að vinna að því, að kleift yrði að stunda skautaíþróttina.

Ég vona að Skautafélag Reykjavíkur eigi eftir að dafna vel og verða sterkur aðili til góðs fyrir æsku þessarar borgar.

Katrín Viðar.

A. JÓHANSSON & SMITH HF.
Verzlun, Brautarholti 4

AFGREIÐSLA SMJÖRLÍKISGERÐANNA HF.
Þverholti 21

ALASKA

Blómabúðir · Blómaskreytingar · Blóm og
gjafavörur

ALBERT GUÐMUNDSSON
Heildverzlun, Brautarholti 20

ALPÝÐUBLAÐIÐ
Síðdegisblað, Hverfisgötu 4 og 8—10

B. M. VALLÁ
Steypustöð. Skirfstofa Hátúni 4 A

B. Á. HÚSGÖGN HF.
Brautarholti 6

BIÐSKÝLIÐ VIÐ BÚSTAÐARVEG
Öl, gosdrykkir og sælgæti og tóbak



Sími 33500. Talstöðvarbílar. Opið allan
sólarhringinn.

BIFREIÐASSTÖÐIN

HREYFILL

Sími 22422. Talstöðvarbílar. Opið allan
sólarhringinn



Vélsmiðja. Höfðatúni 8. Þungavinnuvélar,
vélsmíði o. fl.

SKAUTAFÉLAG REYKJAVÍKUR

BLIKKSMIÐJAN GLÓFAXI
Ármúla 24. Önnumst alla blikksmíði.

BORGARSMIÐJAN HF.
við Borgarholtsbraut. Tökum að okkur
stærri og smærri verk í járn og vélsmíði.

BÓLSTRUN HARÐAR PÉTURSSONAR
Laugavegi 58

BÚSLÓÐ
Nóatúni hefur húsgögn fyrir yður
Búslóð Nóatúni

BÓKABÚÐ OLIVERS STEINS
Strandgötu 31, Hafnarfirði.
Seljum bækur, ritföng og skólavörur

BÓKAVERZL. SNÆBJARNAR JÓNSSONAR
Hafnarstræti 9. Höfum stærsta úrval
erlendra bóka á landinu

BJÖRGVIN SCHRAM
Umboðs- og heildverzlun, Hafnarhvoli,
Tryggvagötu

BORGARÞVOTTAHÚIÐ
Borgartúni 3.
Önnumst allan þvott. Sækjum og sendum

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS
Tryggir fyrir yður.
B.Í.-tryggt er vel tryggt

DAIRY QUEEN
mjólkur-ís er ljúffengur ís

D. A. S.
Happdrætti · Umboðsmenn um land allt
Happdrætti D.A.S.

FERÐASKRIFSTOFAN LANDSÝN
auglýsir · Landsýnarferð er örugg ferð

Formenn
Skautafélags Reykjavíkur
1938—1968



Kristján Árnason
1938—1941



Katrín Viðar
1941—1955




Lárus Salómonsson
1955—1963



Ólafur M. Pálsson
1963—1967



Sigurjón Sigurðsson
1967—1968



Ágúst B. Karlsson
1968—

Skautafélag Reykjavíkur (eldra) 75 ára

Ein elzta heimild, sem finnst um Skautafélag Reykjavíkur, sem stofnað var 7. janúar 1893, er auglýsing í Ísafold 16. des. sama ár: „Skautafélagið. Kl. 4 e.m. á morgun verður, ef veður leyfir, hornamúsik og flugeldum skotið á skautasvæðinu á Tjörninni. — Félagsmenn mæti með nýju merkin. — Stjórnin“.

Þetta er látlaus tilkynning, sem segir okkur þó mjög mikið. — Í dag eru flestir ef ekki allir, sem nærri þessu komu á bernskudögum Skautafélgasins, horfnir. Það gefur auga leið, þegar farið er að rifja upp sögu félagsins svo löngu seinna og nærri eingöngu stuðst við blaðagreinir, verður það mjög ópersónuleg lýsing og margt, sem vert væri að draga fram í dagsljósið liggur kyrrt, hulið móðu gleymskunnar.

Ef við lítum aftur á auglýsinguna úr Ísafold, þá sjáum við að nokkur gróska hefur verið með félaginu strax í upphafi. „Hornamúsik og flugeldum skotið á skautasvæðinu á Tjörninni“ gefur okkur

til kynna að félagið hefur strax verið búið að eigna sér svæði á Tjörninni, og það voru heldur engir aumingjar sem gátu haft hornamúsik á félagssvæði sínu eða skotið flugeldum við minnsta tilefni, á þessum tímum.

Þótt félagsskapurinn hafi kennt sig við skauta, þá mun hann fyrst og fremst hafa verið skemmtifélag framan af. Það þótti snemma „fínt“ að vera í Skautafélaginu. Félagið hélt stærstu og eftirsóknarverðustu dansleikina í bænum, sem allir sóttu er voru, eða vildu vera eitthvað.

Árið 1908 er í Ísafold rætt um ípróttamálin í bænum og er Skautafélagsins getið sérstaklega: „Skautafélagið. Það heitir því nafni vegna þess, að þar er aldrei farið á skautum, segja gárungarnir hálf-ýknir líklegast þó, heldur er þar *dansað* á vetrum, og *riðið* út á sumrum. — En það ætlar nú að bæta ráð sitt og manna sig upp í að fara að temja sér skautaferð hér á Tjörninni. Þessi litli glæðingur er að þakka aðallega norskum manni, sem er að



Dr. Björn Bjarnason



Ólafur Björnsson



Ingibjörg Brands



Hópmýnd úr afmælishófi Skautafélagsins 1911

í lengjast hér, Möller verzlunarmanni frá Niðarósi, alvönnum skautaferðum þaðan og öllu atferli við þá frægu þjóðarskemmtun þar í landi“.

Og áhrifin létu ekki standa á sér því 9. janúar 1909 auglýsir félagið í blöðum bæjarins, að það hafi í hyggju að efna til kapphlaups á skautum á Tjörninni.

Keppt var sunnudaginn 31. janúar og mun þetta hafa verið fyrsta kauppmótið á skautum hér í Reykjavík og ef til vill á öllu landinu.

Keppendur voru 23 og hlupu á hringlaga braut, og var þeim skipt í fjóra flokka eftir aldri. Þrír hinir yngstu hlupu 500 metra en hinir 1000 metra.

Ísafold telur ástæðuna fyrir því að ekki tóku fleiri þátt í mótinu stafa fremur af „hæversku og alkunnri íslenskri hlédrægni

um að eiga þátt í sýningum fyrir almenníngi, heldur en hinu, að verið hafi af áhugaleysi“.

Veitt voru 13 verðlaun. Prent í hverjum flokki og auk þess „aukaverðlaun fyrir hlaup hlaut Herluf Clausen, sveinn úr 1. fl., fer prýðis-laglega á skautum.“

„Formaður félagsins, dr. Björn Bjarnason, birti úrslit síðar um daginn á Tjörninni og stjórnin afhenti verðlaunamönnum gripina en mannfjöldin tók undir fagnaðaróp. Formaður minntist nokkrum orðum þessa atburðar, fyrstu skauta-kappfarar hér á landi, þótt í smáum stíl væri og það áheyrendur að ljósta upp árnaðarópi fyrir skautalistinni. Þá var dansað nokkuð á skautum um kveldið, tvenn friggjarspor m.m., og þaðan farin armganga hringinn í king um skeiðsvellið. Þá heim.“

Haustið 1909 teljast meðlimir félagsins vera um 300, en íbúatala bæjarins var þá um 11 þús. manns.

Nú eru haldin árlega fleiri en eitt skautamót og þátttaka mikil og almenn. 22. janúar 1910 er auglýst að kappmót muni fara fram, og auk þess munu þeir Sigurjón Pétursson glímukappi og Jacobsen kvikmyndagerðarmaður hlaupa 5000 stikur. En þetta er í fyrsta sinn sem sú vegalengd er hlaupin á skautum hér á landi. Keppt er um tvo veglega gripi, „Brauns-bikarinn“ og „Liverpools-drykkjarhornið“. — Mótið fór fram 5. marz og vann Sigurjón öll hlaupin, en þau voru 500 m, 1500 m og 5000 m. Sigurjón hlaut því hin eftirsókuarverðu verðlaun, Braunsbikarinn, og var hann afhentur honum í samsæti, sem félagið hélt í Iðnó.

Ári síðar var aftur auglýst eftir þátttakendum í skautamóti, sem halda átti í janúar mánuði. Síðar átti að keppa um „Brauns-bikarinn“ og „Thorsteinssons-hornið“. — Hvort hér hafi verið um sömu gripi og keppt var um veturinn áður er ekki ljóst. Þá var það nefnt „Liverpools-drykkjarhornið“.

Ekki er hægt að sjá, hvort þessi mót voru haldin, því þeirra er ekki getið í blöðum bæjarins.

7. janúar 1911 var haldið upp á afmæli



Tjörnin aldamótin 1900



Tjörnin árið 1930

Skautafélagsins og var það mikill fagnaður. „Yfir borðum mæltu: Ólafur Björnsson ritstjóri fyrir minni félagsins og fyrir minni viðstaddra útlendinga, Bjarni Jónsson frá Vogu fyrir minni Íslands (kvæði), jungfrú Laufey Vilhjálmsdóttir fyrir minni karla, Gísli Sveinsson cand. jur fyrir minni kvenna. Guðmundur Finnbogason talaði af miklu fjöri um íþróttir og L. Müller verzlunarmaður fyrir minni Reykjavíkur. Var svo dansað alla nóttina.“

Haustið 1911 flutti félagið starfsemi sína upp á Íþróttavöllinn (Melavöllinn). Þar hafði verið komið fyrir gasluktum við sveilið og húsnaði til veitinga, auk ýmissa annarra þæginda fyrir skautaiðkendur.

Næstu árin voru skautafarir allmikið iðkaðar af almenningi en lítið um kappmót.

Um áramótin 1918 segir í Þrótti: Að „síðustu þrjú árin hafi, að kalla má, enginn sézt á skautum. Það eru allmikil umskipti á því sem áður var, því að fyrir nokkrum árum voru hér margir ágætis skautamenn og skautahlaup tíðkuð af áhuga og kappi. Um það munu skiptar skoðanir hverju þennan afturkepp megi kenna, og það er víst, að til þess eru margar ástæður, sem öllum eru kunnar. — Það sýnist svo sem Skautafélag Reykjavíkur ætti að vera íþróttinni sverð og skjöldur hér

um slóðir. En það hefur reynzt á annan veg. Síðustu árin hefir Skautafélagið verið í skollaleik við veðráttuna.

Félagið hefur aldrei bært á sér fyrr en frost hefur haldist í langan tíma. Það er eins og það hafi beðið eftir að sjá hvort frostið væri komið fyrir alvöru. Árangurinn verður oftast sá, að frostið er búið þegar Skautafélagið ætlar að fara að nota það. Þetta er framtaksleysi og skortur á fyrirhyggju. Ég skal ekki ámæla dugnaði stjórnenda félagsins, en það verð ég að segja, að hann hefir lýst sér í öðru en því að útvega mönnum gott skautasvell.

Margir ámæla félaginu fyrir að það heldur dansleika. Slíkt ámæli er hin mesta fásinna. En hitt finnst mér hvorki lofsvert né viðeigandi að hinu árlega starfi félagsins skuli frekar varið til dansleika en skautahlaupa. Vér höfum hér nóg af dansleikjum, en vér höfum ekkert skautasvell. Skauta-ís verðum vér að fá, en hann fæst ekki með framtakssemi Skautafélagsins meðan stjórnendur þess eru valdir með það fyrir augum, að þeir geti stjórnað dansleikjum, en ekkert hugsað um hvort þeir geti stjórnað félaginu á þess eigin verksviði, svo viðeigandi sé.

Það er ekki eingöngu skautafélagið sem ætti að sjá mönnum fyrir skautais. Það er annað fyrirtæki sem ber siðferðislega skyldu til þess. Það er bæjarstjórnin. Alls staðar í heiminum annars staðar en hérna telja bæjarstjórnir sér skylt að leggja fram fé fyrir skautasvell handa almenningi. — Alls staðar annars staðar en hérna eru það óskráð lög að bæjarstjórnir sjá börnum og unglingum fyrir skautasvelli allan veturinn, þegar nokkur tók eru á. Hér kemur mönnum ekki slíkt til hugar, eða þeir hyggja, að hér hafi börnin minni þörf á hreinu lofti og hollum hreyfingum en annars staðar í heiminum. — Vér skulum ætla,

að vor háttvirta bæjarstjórn sé nógu skilningsskýr og víðsýn til að sjá, að þetta er réttmæt krafa. En hún mun bera fyrir sig, að bæjarfélagið sé til þess of félítið. En það mun orka tvímælis, hvort það bæjarfélag sé of fátækt til að leggja fram nokkur þúsund krónur til að efla hreysti hinnar uppvaxandi kynslóðar, sem hefir efni á að fleygja tugum þúsunda í fánýt eða arðlítill fyrirtæki“.

Sá formaður Skautafélagsins sem hóf merki þess fyrstur á loft á sviði íþróttamála var dr. Björn Bjarnason. Við formennsku af honum tók Ólafur Björnsson ritstjóri Ísafoldar og segja má að vegur félagsins hafi staðið með hvað mestum blóma í hans stjórnartíð. Síðar varð Ingibjörg Brands leikfímikennari formaður félagsins og stýrði hún með sóma meðan hennar naut við. Við fráfall hennar dró allan mátt úr félagsstarfseminni og nokkru síðar, eða um 1927, er Skautafélagið talið allt.

Árið 1932 beitir Benedikt G. Waage þáverandi forseti Í.S.Í. sér fyrir því að endurvekja Skautafélagið. Boðað var til fundar og virtist einhugur ríkja um málið. — Skipuð var nefnd sem undirbjó aðalfund og var hann haldinn skömmu síðar. Á þessum fundi var kosin stjórn til næsta árs, en hvernig sem á því stóð þá varð aldrei neitt meira úr þessu. Aðeins ein fundargerð liggur eftir.

Sex árum síðar var svo Skautafélag Reykjavíkur, það sem starfandi er í dag, stofnað að frumkvæði Ben. G. Waage og fleiri áhugamanna. En þar sem svo langt var um liðið, frá því að eldra félagið var lagt niður, þótti sjálfsagt að stofna nýtt félag, sem bæri sama nafn og hið eldra, heldur en að reyna að vekja gamla félagið upp enn einu sinni.

Á. B. K.

*Heiðursfélagar
Skautafélags Reykjavíkur*



Sigurður Thoroddsen



Kristján Árnason



Katrín Viðar



Júlíana Isebarn

Orð í tíma töluð

Þar sem Skautafélag Reykjavíkur, hið eldra, er nú orðið 75 ára, en hið yngra 30 ára, er ekki úr vegi að minnast beggja félaganna, í döprum tón þó, og hugleiða aðeins hvað mætti til betri vegar færa. Skautafélag Rvíkur var fyrst stofnað 7. janúar 1893, og eignaði sér, að því er virtist, strax svæði á Tjörninni í Reykjavík til skautaiðkana, en einnig sá það um, að hornaflokkar skemmtu bæjarbúum þar um helgar. Lítið er vitað um bernsku félagsins, eða fram til ársins 1909, er það gengst fyrir skautamóti á Tjörninni. Virðist svo sem félagið hafi staðnað eitthvað, er líða tók á þriðja tug þessarar aldar, en þó lifði í gömlum glæðum, því 31. október 1938 var haldinn annar stofnfundur og Skautafélag Reykjavíkur endurvakið. — Varð þá þegar mikil drift í félaginu, margvíslegar framkvæmdir hafðar á þróunum, og þegar fram í sótti, gekkst félagið fyrir kappmótum á skautum o. fl. En þrátt fyrir gott starf og góðan vilja, virtist allt ætla að fara á sömu leið með hið yngra sem hið eldra félag, en á úrslitastundu komst nýtt líf í félagið, fyrir tilstilli nokkurra áhugamanna um Íshockey, er gengust undir merki félagsins. Vinnugleði og kraftur þessara manna hafði það í för með sér, að aftur fór að heyrast talað um Skautafélag Reykjavíkur sem íþróttafélag, enda komu hinar gömlu kempur félagsins fljótt aftur á vettvang, og fylktu sér aftur undir merki félagsins.

Það hafa skipzt á skin og skúrir í sögu þessa eina sérfélags Reykvíkinga um skautaiþróttir, og því oft lítill gaumur gefinn af hálfu yfirvalda, sem er ver, því þarfnist nokkur íþrótt aðhlynningar, er það skautaiþróttin, því veðurguðunum

geta Íslendingar treyst sízt allra guða. Hinum erfiðu tímabilum í sögu þessa aldna félags megum við fyrst og fremst kenna veðrinu um og því, að hér vantar nægilega stórt vélfryst svell til skautaiðkana. Einhvern veginn finnst okkur, sem að Skautafélagi Reykjavíkur stöndum, það vera olnbogabarn í reykvískum íþróttamálum, en þó er það von okkar að úr rætist, að öðrum kosti er hætta á að þessi holla íþrótt leggist niður með öllu.

Í þessu tilefni langar mig að taka fram eftirfarandi: Á bandalagsþingi Í. B. R. árið 1962 kom fram tillaga frá stjórn Í. B. R. þess efnis, að koma upp vélfrystu skautasvelli og verja til þess fé því, er afgangs varð af fjárveitingu Reykjavíkurborgar til svellgerðar í Reykjavík. Ekki bólar á framkvæmdum áður nefndrar tillögu, þó að hún hafi verið samþykkt. Vegna ártalsins langar mig að stinga því hér að, að þá voru liðin 100 ár, ein öld, síðan Kanadamenn opnuðu sína fyrstu skautahöll, með vélfrystu skautasvelli, sem var „Victorian Skating Rink“. Og árið 1962 voru 16 skautahallir með vélfrystu svelli í Svíþjóð, auk 110 vélfrystra skautasvæða. Hér á Íslandi hafði aðeins borið á framtaki skáta með vélfryst svell, en svæðið svo lítið, að það hlaut frá upphafi að vera dauðadæmt. Einnig er minnst á það í kosningabók Sjálfstæðisflokksins (svo kallaðri Bláu bók) vorið 1962, í kaflanum um íþróttir og æskulýðsmál, „að koma upp vélfrystum skautasvellum“, en ekki bólar á þeim enn. Hvað tefur? Tvisvar sinnum hefur Skautafélagi Reykjavíkur verið úthlutað svæði undir skautahöll, tvisvar hafa svæðin verið tekin af því. Á sínum tíma sá Skautafél. um að halda við svelli á Tjörn-

inni í Rvík, og einnig sá það um geymslu á skófatnaði þeirra, er sóttu á Tjörnina til skautaiðkana, gegn vægu gjaldi. Einnig lagði félagið fram fé í Æskulýðs- og skautahöll, sem síðar breyttist og varð íþrótt- og sýningarhöll. Skilyrði af hálfu Skautafélagsins fyrir umræddu fjárframlagi var þó það, að í Æskulýðshöllinni yrði vélfryst svell. Það varð ekki, og ekki var Skautafélaginu endurgreidd fjárupphæðin. Af þessari upptalningu má sjá, að mörg hafa verið loforðin og fyrirheitin til handa Skautafélagi Reykjavíkur, en efndir ekki upp á marga fiska.

Þegar rit þetta kemur út, eru 75 ár liðin frá stofnun Skautafélags Reykjavíkur, og þegar litið er yfir farinn veg, kemur í ljós, að rit þetta mun vera það eina, sem kemur til með að minna á tilveru félagsins, og er það einsdæmi í íslenskri íþróttasögu, ekki einu sinni til skúrræfill sem mætti kalla félagsheimili, því hann branu fyrir nokkrum árum.

Fyrir um það bil 50 árum þöndu Íslendingar út brjóstkassann af stolti yfir afrekum, sem menn af íslenzku bergi brotnir höfðu unnið, bæði í Vesturheimi og einnig á Olympíuleikjunum í Antwerpen, en það virðist gleymt nú. Eða er það álit íþróttaforystunnar, að þeir Íslendingar sem nú eru að alast upp eða á legg komnir, hafi ekki getu til slíkra stórræða, sem hinir vestur-íslenzku frændur vorir unnu? Ef það er matið, álit ég það rangt.

Til að æfa íþróttir þarf löngun og áhugi að vera fyrir hendi, einnig þurfa að vera aðstæður fyrir hendi, en ef áhuginn er fyrir, mega aðstæðurnar vera lélegar. Þegar áhugi er, en aðstæður mjög lélegar, er ætíð reynt að bæta úr því versta. En þegar það sem ávinnst er jafnóðum eyðilagt eða dregið til baka, nær íþróttinni aldrei að vaxa fiskur um hrygg, —

og svo er með Skautafélag Reykjavíkur í dag.

Íslendingar hafa átt marga góða skautamenn, og svo hefur áhugi þeirra verið mikill, að einn dvaldist veturlangt í Noregi við æfingar, því hér heima á Fróni var engin aðstaða fyrir hann, nema þá daga sem frost var. Þessi ágæti skautahlaupari náði góðum árangri í Noregi, og hafa oft verið í hávegum höfð minni afrek.

Hér í Reykjavík er mikið af íþróttafélögum, og er ekkert nema gott eitt um það að segja. Öll hafa þessi íþróttafélög mjög góða æfinga-aðstöðu, og hafa sum bæði æfingavelli og æfingasali, fyrir utan að hafa félagsheimili með fundaherbergjum og öðru. Það er því orðin skýlaus krafa okkar, sem að Skautafélaginu stöndum, að fá að minnsta kosti vélfryst úti-svell, þar sem félagsmenn geti æft. En til þess að svo megi verða, þarf utanaðkomandi aðstoð að koma til.

Það er von okkar, sem að þessu riti stöndum, að meiri skilnings fari nú að gæta á þeim vandræðum, sem að skautaiþróttinni steðja og hafa ætíð staðið henni fyrir þrifum, og að íþróttaleiðtogar og stjórnarvöld taki nú höndum saman og vinni að uppbyggingu þessarar fornu og göfugu íþróttar, í stað niðurrifs og áhuga-leysis, sem alltaf hefur staðið í vegi fyrir þrifum, vexti og viðgangi þessa aldna félags.

Við vonum, að þetta fyrsta félags- og afmælisrit Skautafélags Reykjavíkur verði upphafið að uppbyggingu á þessari vinsælu íþrótt, því óvíst er að nokkur íþrótt njóti eins almennra vinsælda hjá ungum sem gömlum sem þessi. Markmið okkar, sem að félaginu stöndum, er framtíðin en ekki fortíðin, og vonum við, að sem flestir styðji okkur í þessari baráttu.

F. A. K.

KEXVERKSMÍÐJAN FRÓN HF.

Skúlagötu 28

Íslensk gæðavara · Ekki völ á betra kexi

PRENTSMÍÐJAN ODDI HF.

Bræðraborgarstíg 7 · Prentum á rúllumiða

LEÐURÍÐJAN

Brautarholti 4

Við erum framleiðendur Aston leðurvara

S. Í. S.

Merkið þarfnast ekki skýringar

Samband Íslenskra Samvinnufélaga

LETUR HF.

Offsetfjölritunarstofa Hverfisgötu 32

Látið oss fjölríta fyrir yður

HOFFELL SF.

Umboðs- & heildverzlun Laugavegi 31

MÚLAKAFFI

Hallarmúla — auglýsir:

Heitur matur · Smurt brauð og snittur

LOFTORKA SF.

Hólatorgi 2

Örugg vinna · Fljót vinna · Góð vinna

Verkin tala

FORD UMBOÐIÐ KR. KRISTJÁNSSON

Suðurlandsbraut 2

Ford er nafnið á örugum bíl

SHELL BÓNSTÖÐIN

við Reykjavíkurveg

Það er vel bónað hjá okkur

SILLI & VALDI**MÁLNINGARVERKSMÍÐJAN HARPA HF.**

Einholti 8 og Skúlagötu 42

Framleiðendur á málningarvörum

MARS TRADING COMPANY HF.

Laugavegi 103

VÉLAVERKSTÆÐI**BERNHARÐS HANNESSONAR**

Suðurlandsbraut 12

Framleiðum íbrótta- og leiktæki

J. P. INNRETTINGAR

eru landsþekktar að gæðum

J. P. Innréttingar, Skeifan 7

MAGNÚS E. BALDVINSSON

Úra- og skartgripaverzlun Laugavegi 12

Verðlaunagripir og verðlaunapeningar í miklu úrvali, einnig úr og skartgripir

LAUGAVEGS APÓTEK

er að Laugavegi 16

PRENTVERK HF.

Bolholti 6 · Ef þér þurfið að láta prenta fyrir yður, þá talið við okkur

HLJÓÐFÆRAHÚS REYKJAVÍKUR

Laugavegi 96

Höfum ávallt úrval af hljómplötum

RAFPLAST

Skiltagerð Mjólnisholti 14

SKAUTAHÖLLIN

Skeifan 17

Þ. JÓNSSON & CO.

Skeifan 17

Bifreiðaverkstæði · Varahlutaverzlun

PRENTÞJÓNUSTAN

Mjólnisholti 14

OFFSETMYNDIR SF.

Mjólnisholti 14 · Offsetprentsmiðja

Um skautaíþrótt

Stjórn Skautafélags Reykjavíkur bað mig um að skrifa grein í blað, sem hún ætlaði að gefa út á þessu ári. Ég hét því að verða við þeirri beiðni.

Ég geri ráð fyrir því, að einhver skrifi um skautaíþróttina eins og hún er í dag, og eins og hún var allt aftur til aldamóta 1900. Einnig geri ég ráð fyrir, að einhver skrifi um á hvaða félags- og íþróttalegu þroskastigi íþróttin standi nú. Ég mun því láta öðrum eftir að tala um nútímann.

Ég kýs að gefa lesandanum innsýn í upphaf skautaíþróttarinnar og lesmál um þróun hennar með því að setja saman í eina heild gamlar heimildir. Ég tel þær koma best að gagni til fróðleiks, að vera allar á einum stað.

Upphaf.

Upphaf skautaíþróttarinnar er einfaldlega fótskriða. Löngun mannsins að flýta sér, og skynsamlegt hæfnimat á aðstæðum og aðlögun eftir þeim til hagræðis; til dæmis að renna sér fótskriðu undan halla og finna hinn aukna hraða. Hugmynd mannsins var þar með vakin til að finna upp tæki til að renna sér á. Að þessu færi ég rök með gömlum heimildum, sem ég mun vitna í.

Eitt er þó víst, að notkun skauta hér á landi hefur aldrei náð til almennings. Það sanna best sóknarlýsingarnar frá 1839. Þær greina frá því, að menn þekktu aðeins leggjahlaup. Þær greina einnig frá

því, að járnskautar eru lítt þekktir, enda koma þeir ekki fyrr en á fyrsta fjórðungi aldarinnar. Þá eru slíkir skautar í sóknarlýsingunum í sumum sóknum *skriðjárn*, einnig skriðskautar og skriðskjótar. (Á sænsku nefnast skautar „skridsko“). — Síðar fóru hagar menn að smíða skauta, og voru þeir kallaðir tréskautar. En nafnið er villandi, því að þótt stæðið fyrir fótinn væri úr tré, var skautinn sjálfur úr járn. Til eru margar gerðir af tréskautum, og var smíði sumra þeirra all-frumstæð, en smíði sumra lýsti miklum hagleik. Þekking manna á gæði járnsins var einnig mjög misjöfn, enda ekki úr miklu að velja hérlandis.

Ég var unnandi skautaíþróttarinnar og iðkaði hana árum saman hvar sem ég kom því við. Þegar ég var í sveit í Borgarfirði, fór ég á milli bæja á skautum.

Árið 1919 komst ég fyrst í kynni við leggjahlaup og renndi mér á leggjum. Það var á Laugalandi í Nauteyrarhreppi. Ekki voru iðkuð leggjja- eða skautahlaup þar sem ég hafði áður verið, en fótskriða var mikið iðkuð.

Árið 1920 lærði ég svo á járn- og/eða stál-skauta á Ísafirði. Þar var mikið skautalíf, góðir skautamenn og nóg um ágæta skauta.

Annars hefur skautaíþróttin aldrei náð háum lista- eða afrekaþroska hér á landi. Mun því mest hafa valdið náms- og þekkingarskortur og óhæf skilyrði. Í listhlaupi bar frú Katrín Viðar af öðrum konum,

enda snillingur í því sem hún kunni. Af körlum bar Ósvaldur Knudsen af í listhlaupi og var snillingur í sínum listum. Marga konu og karl mætti reyndar nefna með þessum nöfnum, en ég geri ráð fyrir, að það verði gert af öðrum. Í hraðhlaupi mætti nefna margra góðra manna nöfn, en ég geri ráð fyrir, að þau komi fram í grein um skautamót og hinar ýmsu keppnir.

Í hraðhlaupi var keppt á ýmsum vegalengdum á árunum 1910—1915. Bar þá af öðrum þá Sigurjón Pétursson og Herluf Clausen, og unnu þeir á víxl. Þá voru veitt verðlaun fyrir fagran stíl, og fékk Herluf Clausen oftast fegurðarverðlaunin. Vegalengdirnar voru: 500, 1500, 5000 og 10000 metrar. Með nöfnum þessara tveggja kappa mætti nefna marga afburða fljóta og góða skautamenn.

Að lokum vil ég geta þess, að skautafélag var stofnað í Reykjavík árið 1873, en ég skrifa ekki um sögu þess.

Hér koma svo tilvitnanir um upphaf og þróun skautaíþróttarinnar. Ég tel, að þær þannig sameinaðar veiti lesandanum fróðleik og vítt yfirlit og innsýn í sögu og þróun skautaíþróttarinnar allt frá því árið 2000 f. Kr. og fram til vorra daga (sbr. um sögu hraðhlaupsins hér á eftir).

I. *Skrið.*

1. *Fótskriða.* Flestar þjóðir, er í köldu fjalllendi búa, temja sér þessa íþrótt að meira eða minna leyti. Svo var og um Norðmenn og Íslendinga í fornöld. Á vetrum, er hjarn og harðfenni þekur ójöfnurnar, er það siður fjallvanra ferðamanna að flýta með því för sinni að leggjast á staf sinn og renna sér fótskriðu á fleygiferð niður brekkurnar. Úr daglegu lífi Ís-

lendinga er það tekið, er Þórðar saga hreðu — þjóðsaga ein forn — lætur Þórð og förunaut hans, Eyvind, leita vígis að aðsókn fjandmanna sinna af Skeggjahamri niður á Sviðgrímshóla, á þann hátt, að þeir festu spjótin milli fóta sér og riðu svo af hamrinum niður á jöfnu; skafl var fram af hamrinum, ákaflega brattur, og hin mesta mannhætta ofan að fara. Og eins og það var gott að geta brugðið sér á fót-skriðu um harðfenni eða ysjuhjarn í hliðum uppi, þannig kom það sér ekki síður vel, þeim er fimir voru, á svellum niðri á jafnsléttu. Mátti oft renna þar yfir fót-skriðu, er áris var ótraustur, þótt lítt væri þar fært gangandi manni.

— Í Valla-Ljótssögu er frá því sagt, að Eyjólfur nokkur Þorsteinsson, snarmenni mikið, þrífur einn mann úr liði fjandmanna sinna og rennir með hann fótskriðu yfir í sinn flokk, áður en nokkur fékk að gjört. Flestum mun kunnugt um snarræðisbragð Skarphéðins, er hann vó Þráin á Markarfljóti. Það var um vetur. Fljótið féll milli skara, og voru á smáar spengur hér og þar. Skarphéðni dvaldist eftir, er flokkur hans sneri niður að ánni að spöng nokkurri. Batt hann skóþveng sinn. „Hann spratt upp þegar er hann hafði bundið skóinn og hafði uppi öxina Rimmugýgi; en fljótið var svo djúpt, að langt var um ófært; mikið svell var hlaupið upp fyrir austan fljótið og svo hált sem gler, og stóðu þeir Þráinn á miðju svellinu. Skarphéðinn hefur sig á loft og hleypur yfir fljótið meðal höfuðisa og stöðvar sig ekki og rennir þegar af fram fótskriðu; svellið var hált mjög og fór hann svo hart sem fugl flygi. Þráinn ætlaði í því að setja á sig hjálminn. Skarphéðin bar nú að fyrr og heggur til Þráins með öxinni Rimmugýgi og kom í höfuðið og klauf ofan í jaxlana, svo að þeir féllu niður á ísinn. Þessi atburður varð með svo skjótri svipan, að

enginn kom höggi á hann; hann renndi þegar frá ofan óðfluga. Tjörvi renndi fyrir hann törgu (skildi), og steðjaði hann yfir upp og stóðst þó og rennir á enda svellsins. —

Af þessum dæmum má marka, að jafnvel svo einföld íþrótt sem fótskriða mátti einatt koma að beinu gagni í daglega lífinu.

— Til einfaldrar fótskriðu eiga leggjahlaup og skíðafar rót sína.

2. *Leggjahlaup (at kunna á ísleggjum)*. Eiginlega skauta þekktu menn ekki í fornöld. En snemma á tímum tóku Norðurlandabúar að iðka þá list að renna sér á svellum með dýraleggi bundna undir fætur sér; höfðu menn broddstaf mikinn í höndum, stungu honum við svellinu og hrundu sér þannig áfram.

Það er kunnugt um Saxa, að hann hallar mjög á hin gömlu goð, gjörir þau að fjölkunnugu illþýði og eignar öll afrek þeirra, er greint er frá í fornum sögnum, djöfullegum kyngikrafti. Hann segir svo um Ull, guð norrænna vetraríþróttar: „Svo var hann leikinn í göldrum, að hann mátti fara yfir sæinn á beini, er hann hafði rist á rammögnuð kvæði, og var hann eigi seinni í förum en þeir, er á skipum fara“. Það er auðsætt, að hér vakir fyrir honum leggjahlaup veiðiguðsins á ísum. Við sömu íþrótt er og átt í Hávamálum, þar sem svo er kveðið að orði:

Veld eld skal öl drekka,
en á ísi skríða.

Eysteinn konungur telur sér það til gildis í orðasennu við Sigurð Jórsalafara bróður sinn, þá er þeir vöktu máls á æskuíþróttum sínum, að hann kunni svo vel á ísleggjum, að enginn mátti við hann keppa — „en þú kunnir það eigi heldur en naut“. Það liggur í augum uppi, að allmikinn

mjúkleik þurfti til að fara vel á ísleggjum. En Sigurði var betur gefið afl og áráði en lipurð í hreyfingum. Sneiðir Eysteinn honum fyrir það og kveður hann aldrei hafa mátt leika neitt það, er mjúkleikur var í.

Til ísleggja völdu menn einkum afturfótleggi af hjörtum, nautum eða hestum. Voru þeir klofnir að endilöngu, tilhöggirnir í báða enda og gjörðir sem beinastir og hál-astir; oftast voru tvö göt boruð gegnum legginn og þvengir dregnir í, til þess að binda mætti upp um fótinn, bæði að fram- og aftan.

Þessi skriðfæri tíðkuðust um öll Norðurlönd þar til snemma á öldinni sem leið, og hér á Íslandi jafnvel langt fram yfir miðbik aldarinnar, að minnsta kosti í stöku byggðarlögum. Hvenær skautar úr járn eða stáli koma fyrst til sögunnar skal ég láta ósagt. Hér á landi gætir þeirra lítið fyrr en eftir aldamótin 1800. Í Svíþjóð getur Olaus Magnus þeirra um miðbik 16. aldar. En ef til vill þekkir hann þá aðeins af afspurn hjá öðrum þjóðum, og ekki kann hann betur að meta þá en svo, að hann telur hjartaleggi og nautsleggi miklu rennilegri sakir „náttúrlegrar hálku sinnar“, er auka megi á enn meir með því að bera á þá feiti, t. d. svínafeiti. Hann kveður það algenga skemmtun með Svíum að fjölmenna til kapphlaupa á skriðleggjum á hálum svellum, og keppi menn þá einatt um verðlaunagrip, svo sem silfurskeiðar, eirker, sverð, klæði og þó einkum um hesta. Löngum beri það og við, þá er fiskimenn sitji að dorgi við ísvakir, að unglingar flykkist að þeim og fái hjá þeim fiska til þess að renna um skeið á ísleggjum. Gotlendingar hafa tíðkað þann sið frá fornu fari til skamms tíma að fara á ísleggjum að fiskveiðum á glæjum ísi; hafa þeir kylfu í höndum og rota með þeim fiskana undir ísnum.

Á Englandi er leggjafara getið að minnsta kosti þegar á 12. öld. Fitz-Stephen († um 1200), er ritaði lýsingu á Lund-únaborg, segir, að þar iðki ungir menn þá list, að þeir bindi dýraleggi undir fætur sér, taki sér broddstaf í hönd, er þeir ljósti við svellinu, og komist þannig á svo mikla fleygiferð, er þeir megi helzt líkja við fuglinn fljúgandi eða ör af lásaboga. (Úr Íþróttum Fornmanna, bls. 120).

II.

Skautiferð er alltið íþrótt, þar sem hægt er að koma henni við, en það er alls staðar þar sem ísalög eru mikil á vetrum. Annars þarf ekki að lýsa henni, því hún er al-kunn hverju mannsbarni og auk þess ekki fremur innlend en útlend. Aftur er það þjóðsiður að karlmenn einir læra á skautum á Íslandi, því í útlöndum fara karlar og konur á skautum, jöfnum höndum. Þó má geta þess að kvenfólk lærir líka á skautum í kaupstöðunum og væri óskandi að sú tízka breiddist út, því kvenfólkinu er ekki fremur vanþörf á góðri hreyfingu en karlmönnum.

Skautiferð er ung skemmtun á Íslandi, til þess að gera, þótt mér sé ekki ljóst, hvenær farið var að tíðka hana. Í sóknalýsingunum er víðast tekið fram að skautiferð sé ekki tíðkuð þar, eða þá mjög lítið. Í lýsingu Hítarnessþinga 1841, er sagt að það sé eins dæmi þar um slóðir, að tveir menn kunni á skautum á einum bæ. Það eru aðeins þrjár sóknalýsingar, þar sem það er tekið fram að margir kunni á skautum og eru það lýsingarnar á Kvíabekkjar-sókn, Þóroddsstaða- og Ljósavatnssókn (báðar frá 1839) og Landeyjabingum (1873).

Áður en skautiferðin komst á, renndu unglingar sér á leggjum og Sunnlendingar segja mér að það sé daglegt brant þar

enn í dag. Á Norðurlandi er leggjaferð aftur fremur sjaldgæf um þessar mundir og ekki man ég eftir því að ég hafi séð leggi.

Leggirnir voru hrossleggir og þóttu afturfótaleggirnir bezt fallnir til að renna sér á þeim. Þeir urðu að vera þráðbeinir, eins og eðlilegt er. Það var höggvið af þeim að aftan og framan, til þess að þeir skyldu ekik rekast í. Annars voru þeir látnir eiga sig eins og náttúran hafði gjört þá úr garði. Sumir boruðu tvö göt gegnum hvern legg, annað að aftan en hitt að framan, drógu svo bönd gegnum þau og bundu upp um fótinn. Sumir boruðu aðeins eitt gat á legginn, framanverðan, og festu í það lykkju, sem vso var smeygt upp á fótinn. Sumir renndu sér aftur á leggjunum alveg lausum, og studdu sig þá við broddstaf.

Bertel Þorleifsson, stud. med., sem er nákunnugur leggjaferð í Þingvallasveit, segir mér að varla hafi aðrir farið þar á leggjum en unglingar. Kindarleggir hafi verið tíðastir, en kálfsleggir hafi þó þótt bezt fallnir til leggjaferðar. Oftast hafi verið farið á framfótleggjum. Bungan hafi vitað niður og hafi verið sorfinn á hana sléttur flötur að neðan. Ekki man hann eftir því að höggvið hafi verið framan eða aftan af leggjunum.

Leggjaferð er afgangur íþrótt og er þegar getið um hana í sögu Sigurðar Jórsala-fara og bræðra hans. Eysteinn konungur taldi sér það til gildis við Sigurð konung bróður sinn, hve hann kynni vel á leggjum, smáskíðum eða klakahnausum á ís, ám og vötnum. Einhver hefur líka sagt mér að hann hafi vitað unglinga renna sér á kindahornum.

Í lýsingu Holtssóknar undir Eyjafjöllum 1845 er þess getið að unglingar renni sér þar á leggjum og er það sú eina sóknarlýsing, sem minnst á þá.

Magnús Stephensen getur líka um leggi og telur það ógöfugra að renna sér á leggjum en skautum.

Seinast hef ég séð getið um leggi í Þjóðólfi 1866, enda munu skautarnir þegar hafa borið þá ofurliði að mestu leyti. (Sjá bls. 370).

Þess má geta að stúdent Sveinbjörn (Þorsteinsson) Egilsson hefur unnið 800 króna verðlaun í Kanada fyrir skautahlaup 1887 eða 1888 og var hann þó alveg óvanur skautahlaupi þá.

Enn má bæta því við skautafærðina, að Helgi bóndi Jónsson á Neðranesi og Jón bókbíndari Jóhannesson á Leirárgörðum (sem kvað „Leiðarljóð“, Viðey 1842) hafa verið taldir beztir skautamenn á Suðurlandi, einkum sá seinni, enda er það mál manna, að hann hafi verið fljótari en nokkur hestur á sprettinum. Skautafélag var stofnað í Reykjavík 1873, en nú ber lítið á því. Jón Borgfirðingur. Þorsteinn læknir Jónsson í Vestmannaeyjum skrifar mér, að skautafærð hafi verið orðin algeng í Árnessýslu milli 1840—1850.

— 86 Tilvísanir í meginmálinu 2—6 eiga að vera 1—5, eins og sést á athugasemdum. Jón Borgfirðingur getur þess við leggjaferðina, að í Borgarfirði hafi legginir verið sperruleggir, ýmist úr hrossum eða kindum. Kindaleggir hafi þótt betri, því þeir hafi verið bognari og hálari, en aftur jafnframt valtari undir fæti. Ekki þekkir hann til að boruð hafi verið göt á leggina. Hann hefur ávallt vanizt þeim lausum, og að leggjamaðurinn hefði broddstaf.

— 8617 Jón Borgfirðingur segist hafa vitað klakatorfur hafðar til að renna sér á, niður harða og bratta skafla. Vatni hafi verið helt á torfu öðrum megin og látið frjósa; hafi þá ortfan orðið glerhál. (Úr Íslenzkar gátur, þulur og skemmtanir, bls. 85).

III.

Skautaiþróttin greinist í tvennt: *hraðhlaup* — þar sem mestu máli skiptir sá tími, sem til hlaupsins fer — og *listhlaup* — þar sem dæmt er út frá fagurfræðilegum sjónarmiðum. Báðar greinarnar eru stundaðar jafnt af körlum sem konum.

Hraðhlaupskeppni fer fram milli tveggja einstaklinga á 500-10.000 m löngum hringbrautum. Alþjóðlegar keppnisfjarlægðir eru nú þessar: Karlar: 500, 1500, 5000 og 10.000 m. Heimsmet eru einnig skráð í 1000 og 3000 m skautahlaupi.

Konur: 500, 1000, 1500 og 3000 m.

Listhlaupskeppni grundvallast á nánar tilteknum *skyldu*-aðferðum og í öðru lagi af *frjálsum* aðferðum hvers einstaks keppanda. Síðari tegund keppinnar fer að jafnaði fram undir hljómlistarspili og er sambærilegust við dans. Þegar um *par* er að ræða kemur einungis til greina hin síðarnefnda tegund listskaupthlaups.

Saga hraðhlaupsins.

Uppruna skautaiþróttarinnar má rekja til hreinna nauðsynja, rétt eins og skíðaíþróttarinnar; skauta gerðu mönnum mögulegt að komast yfir ísilagða firði og vötn fljótara en ella og án mikillar orkusóunar. — Íþrótt þessi hefur verið lengur stunduð en sögur fara af, enda hefur allur útbúnaður þá verið ærið frumstæður. *Elztu merki um skautaiþrótt fyrirfinnast í Sviss og virðast vera frá því um 2000 f. Kr.* Það er gróflega tilskorinn leggur, sem spenntur hefur verið undir fótinn. „Ísleggir“ af því tagi bera engan vott af nútíma skautum. Í Noregi hafa þannig „ísleggir“ einnig fundizt, auk þess sem getið er um þá í fornsögum, en á þeim tíma var skautahlaup að sjálfsögðu orðið íþrótt.

Eftir söguöld heyrst fyrst getið um

skautahlaup á miðri 16. öld. Fjarlægðir virðast þá hafa verið milli 12 og 17,5 kílómetrar og verið notaðir ýmist „ísleggir“ eða járnþynnur spenntar undir fótinn.

Fyrstu keppnir á nútíma vísu fóru fram á frosnum síkjaskurðum Hollands og í Norður-Englandi í byrjun síðustu aldar, en ekki þróaðist þessi íþrótt sem nokkru nam fyrr en Norðurlöndin komu til skjalanna. Fyrsta heimskeppnin, sem orð sé á gerandi, fór fram á höfninni í Kristjáníu (nú Osló) þann 1. marz 1863. Ári síðar var stofnaður Skautaklúbbur Kristjáníu, aðrir slíkir klúbbar sem stofnaðir voru upp úr því, báru hróður þessarar íþróttar víðar.

Árið 1889 gengust Niðurlönd fyrir fyrsta svokallaða „heimsmóti“ í hraðhlaupi á skautum, og þá var einnig farið að nota hringbrautir af því tagi sem enn þekkjast.

Niðurlönd urðu brátt í fararbroddi þjóða til að útbreiða skautaíþróttina og efla um hana alþjóðasamvinnu, og að þeirra frumkvæði var stofnsettur alþjóðlegur félagsskapur um íþróttina árið 1892. Þau samtök urðu hin fyrstu samtök áhugaíþróttamanna í heimi. Þau gengust fyrir árlegum keppnum Evrópu- og heimsmeistara í skautahlaupum, og urðu þær keppnir mjög til þess að efla skautaíþróttina um heim allan og sameina þær reglur sem hún byggðist á, enda þótt Bandaríki Norður-Ameríku tækju þá þegar upp sínar eigin grundvallarreglur varðandi íþróttina. Hraðhlaup kvenna er þó tiltölulega nýtt af nálinni sem keppnisatriði; fyrsta slíkt heimsmet var sett árið 1936, en fyrsta Norðurlandametið fjórum árum fyrr.

Holland hafði forustuna fyrstu árin og á síðasta áratugi 19. aldar var Jaap Eden þess stóra nafn. Eftir aldamótin fellur heimsmeistaratignin svo Norðmönnum í skaut og var svo lengstum síðan, enda þótt aðrar þjóðir hafi eignast mjög harðsvír-

aða keppendur, öðlast ýmis góð met og unnið stóra alþjóðasigra. Fram til 1914 voru Rússar hættulegir keppinautar um forustuna, einkum langvega-hlaupararnir N. Strukinoff og W. Ippolitoff. Þegar Rússar hófu aftur þátttöku í alþjóðaiþróttum árið 1946 komu þeir með hlaupara á heimsmeilíklarða. Þýzkaland, en þó einkum Austurríki, áttu góða hlaupara strax á árunum fyrir aldamót, og Austurríkismenn hafa einnig á síðari árum átt marga góða menn, svo sem O. Polaczek, K. Wasulek og Max Stiepl. Holleendingar hafa ætíð verið mjög liðtækir, einkum upp úr 1930 með t. d. A. van der Scheer, og eftir 1945 með Kees Broekmann.

Áhuginn fyrir hraðhlaupinu fór mjög vaxandi um alla Evrópu milli 1920—'30. Í hóp „skautalþjóðanna“ bættust t. d. Pólvörjar, Ungverjar (sem hlutu sinn fyrsta heimsmeistara, K. Pajor, 1949) og Lithaugar (Alfons Berzins varð óformlegur heimsmeistari árið 1940).

Utan Evrópu hefur hraðhlaupinu vaxið ásmegin í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Kanada og Japan. Þegar á öldinni sem leið áttu Bandaríkjamenn mjög góða hlaupara. En einnig á vorum tímum hafa þeir eignast sérlega góða skautahlaupara á styttri vegalengdum, svo sem Jack Shea, Leo Freisinger og Eddie Schroeder, — og eftir síðari heimsstyrjöldina Ken Henry og Johnny Werket.

Af Norðurlöndum hafa Norðmenn ætíð verið í fremsta sæti. Finnland hefur þó eignast ágæta skautahlaupara, en Svíþjóð ekki að ráði fyrr en upp úr 1930—'40.

Fyrsti skautaklúbbur Finnlands — og þar með elzta núlifandi íþróttafélag þar í landi — var stofnaður í Helsinki 1875, en fyrsta verulega keppnin þar fór ekki fram fyrr en 1882. Fyrst í stað voru Finnar mest hrifnir af listhlaupi, en smám saman hefur hraðhlaupsáhuginn aukizt

meðal Finna. Helztu skautamenn þeirra hafa verið t. d. G. Strömstein, A. Tuomainen, J. Skutnabb, C. Thunberg, Birger Wasenius og (eftir 1945) L. Parkkinen.

Fyrsta stóra skautahlaupið í Svíþjóð fór fram 1882. Árið eftir var svo stofnaður fyrsti skautaklúbburinn þar í landi — Stockholms Allmänna Skridskoklubb.

Frá 1880 og fram til aldamótanna veittu Svíar Norðmönnum og Hellendingum harðvítuga keppni, en síðan hafa þeir aðeins stöku sinnum vakið athygli á heimsmeilivarða. Eftir fyrri heimsstyrjöldina áttu þeir menn eins og A. Blomquist og E. Blomgren, sem voru góðir á Norðurlandameilivarða, en verulegan keppanda eignuðust þeir ekki fyrr en 1940, þegar Áke Seyffarth kom til sögunnar. Ásamt Göthe Hedlund hefur hann lagt grundvöllinn að endurvakinni skautafþrótt meðal Svía og með sigrum sínum í 10.000 m á Ólympíuleikjum, Evrópumeti og heimsmeti stendur hann í fremstu röð skautahlaupara heims.

Saga listhlaupsins.

23.	Þórhallur Karlsson		SA	6,43,2	—



Edda Indriðadóttir t. v.
Guðný Steingrímstöttir t. h.



Ólafur Jóhannesson S.R. t. v.
Martin Paulsen S.R. t. h.



Reidar Liaklev



Jón D. Ármannsson

5000 m:

1. Björn Baldursson	SA	9,40,1 mín.	14. Sigurjón Sigurðsson	Prótti	10,51,8 mín.
2. Skúli G. Ágústsson	SA	9,47,2 —	15. Jón R. Einarsson	Prótti	10,58,8 —
3. Kristján Árnason	KR	9,49,6 —	16. Birgir V. Ágústsson	SA	11,05,5 —
4. Örn Indriðason	SA	10,01,2 —	17. Þórhallur Karlsson	SA	11,06,8 —
5. Ingólfur Ármannsson	SA	10,04,6 —	18. Sveinn Kristdórsson	SA	11,10,0 —
6. Jón D. Ármannsson	SA	10,05,4 —	19. Ágúst B. Karlsson	SA	11,10,6 —
7. Hjalti Þorsteinsson	SA	10,06,5 —	20. Þorvaldur Snæbjörnsson	SA	11,17,0 —
8. Sigfús Erlingsson	SA	10,12,2 —	21. Emil Jónsson	SR	11,29,0 —
9. Þorsteinn Steingrímsson	Prótti	10,19,4 —	22. Ólafur Jóhannesson	SR	11,38,6 —
10. Óskar Ingimarsson	SA	10,32,9 —			
11. Guðlaugur Baldursson	SA	10,34,3 —			
12. Kristján Árnason	SA	10,42,0 —			
13. Björn Árnason	Prótti	10,50,2 —			



Þátttakendur í skautahlaupi á Skautamóti
Íslands 1960



Kristján Árnason, ásamt nokkrum norskum æfinga-
félögum, þá er hann dvaldist við æfingar í Noregi

STIGATAFLA

			500 m	1500 m	3000 m	5000 m	Stig
1.	Björn Baldursson	SA	46,6	2,33,1	5,27,8	9,40,1	210,276
2.	Kristján Árnason	KR	47,1	2,36,6	5,49,6	9,49,6	216,560
3.	Örn Indriðason	SA	48,6	2,42,0	5,37,4	10,01,2	218,953
4.	Skúli G. Ágústsson	SA	50,7	2,44,2	5,47,8	9,47,2	222,120
5.	Sigfús Erlingsson	SA	49,2	2,40,3	5,50,0	10,12,2	222,186
6.	Þorsteinn Steingrímsson	Þrótti	48,7	2,41,8	5,50,0	10,19,4	222,906
7.	Hjalti Þorsteinsson	SA	50,9	2,45,1	5,57,4	10,06,5	226,150
8.	Kristján Árnason	SA	50,0	2,43,2	5,50,1	10,42,0	226,950
9.	Jón D. Ármannsson	SA	52,8	2,47,9	5,58,3	10,05,4	229,024
10.	Ingólfur Ármannsson	SA	53,2	2,48,0	6,00,5	10,04,6	229,743
11.	Óskar Ingimarsson	SA	51,1	2,49,1	6,09,3	10,32,9	232,307
12.	Guðlaugur Baldursson	SA	53,7	2,53,5	6,09,8	10,34,3	236,596
13.	Ágúst B. Karlsson	SA	51,3	2,54,5	6,05,5	11,10,6	237,444
14.	Birgir V. Ágústsson	SA	51,6	2,47,9	6,26,6	11,05,5	238,550
15.	Sveinn Kristdórsson	SA	53,7	2,55,0	6,06,6	11,10,0	240,133
16.	Þorvaldur Snæbjörnsson	SA	50,9	2,51,8	6,25,9	11,17,0	240,184
17.	Björn Árnason	Þrótti	53,0	2,56,3	6,26,8	10,50,2	241,254
18.	Jón R. Einarsson	Þrótti	53,6	2,59,9	6,18,5	10,58,8	242,530
19.	Sigurjón Sigurðsson	Þrótti	52,5	2,59,0	6,32,4	10,51,8	242,747
20.	Þórhallur Karlsson	SA	53,4	2,51,1	6,43,2	11,06,8	244,313
21.	Emil Jónsson	SR	54,4	3,03,2	6,29,5	11,29,0	249,284
22.	Ólafur Jóhannesson	SR	53,8	3,02,8	6,31,8	11,38,6	249,893
23.	Ásgrímur Ágústsson	SA	57,3	3,03,6	6,42,4	11,59,8	257,547
24.	Stefán Árnason	SA	55,0	3,08,3	6,54,1	11,59,7	258,754
25.	Svavar Jóhannesson	SA	55,9	3,16,9	6,58,2	12,26,3	265,863
26.	Martin Paulsen	SR	56,7	3,17,4	7,20,3	12,29,2	270,803

Á. B. K.



Ólafur Jóhannesson. Skautameistari Íslands 1950 t.v.
Björn Baldursson Skautameistari Íslands 1960 t.ð.

HRAÐFRYSTIHÚS TÁLKNAFJARÐAR

Erum kaupendur

að flestum

fisktegundum.

BORGARFELL HF.

UMBOÐSVERZLUN

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 23

FLUGIÐ ER FERÐAMÁTI NÚTÍMANS

© ALQVINGASTOFNAN



INNAN LANDS



MILLI LANDA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSHOCKEY

Íshockeyleikmaður í fullum skróða virðist auðveldlega geta þolað þústra og skelli, svo vel er hann varinn. Sömuleiðis virðist markmaðurinn ekkert hafa að óttast í sínum fyrirferðamikla búningi, sem minnir mann á smurling (múmíu) aftan úr grárri forneskju. En staða hans krefst þess, að hann sé vel varinn frá hvirfli til ilja.

Íshockey er sérstaklega hraður og harður leikur, og smávegis hnjask er ekki umtalsvert þegar tveir kappsfullir andstæðingar berjast um þökkinn svo ísinn spænist upp.

Í Íshockey er ekkert til, sem kallast „boltinn er útaf“. Leiksvæðið er umgirt af metersháum trévegg, og leikurinn heldur áfram svo lengi sem dómarnir blása ekki af fyrir brot á leikreglum, mark eða að leiktíminn sé úti. Það er ekki leikið með bolta heldur hlut, sem er sívalur að lögun og um tveir cm á hæð, og er hann úr hertu gúmmi og kolefnisböndum og kallast hann þökkur (puck). Hann er mjög harður eins og þeir bezta vita, sem hafa verið svo óheppnir að fá hann í andlitið. Þess vegna leika flestir markmenn með andlitsgrímur þó að það háir þeim nokkuð. Ætla mátti, að mikið sé um meiðsli í íshockey, en svo er þó ekki. Ef borinn er saman fjöldi þeirra sem æfa og þeirra sem meiðsli hljóta í hinum ýmsu íþróttagreinum sést það greinilega. Orsökina er eingöngu sú, hversu vel varðir íshockeyleikmenn eru.

Vinsæl íþrótt.

Íshockey er í flestum löndum, þar sem það er iðkað, mjög vinsæl íþrótt bæði hjá

áhorfendum og leikmönnum. Það býður upp á flest, sem áhorfanda fýsir að sjá. Hraði, leikni, spennan og hraðar skiptingar í spilinum eru oft svo miklar, að þær fá bæði áhorfendur og leikmenn til að gleyma stund og stað. Íshockey er viðurkennd sem hraðasta hópíþrótt í heimi og án efa ein sú erfiðasta, sem iðkuð er. Leikmaður, sem sendur er á afbrotamannabekkinn, getur að minnsta kosti huggað sig við það, að hann fær þar kærkomna hvíld.

Íshockeyliðið samanstendur af 15 leikmönnum, þar af tveim markmönnum, en á vellinum eru sex leikmenn í einu — markmaður, tveir bakverðir og þrír framherjar. Hinir eru skiptimenn og má skipta hvenær sem er í leiknum um leikmenn. Aðeins sérlega sterkbyggðir menn halda það út að leika allan tímann án hvíldar. Venjulega er skipt þannig, að bakverðirnir fara báðir útaf í einu og tveir nýir koma inná í staðinn, einnig skiptir venjulega öll framliðin í einu. Þannig fæst meiri samhæfing milli leikmannanna. Skiptingum er stjórnað af flokksstjóra utan vallar. Leiktíminn er 3 sinnum 20 mín. og 10 mín. hlé á milli.

Í heimsmeistarakeppninni á Olympíuleikunum getur hver þjóð notað 15 leikmenn í leik en skrá má 17 leikmenn til keppinnar. Úthlutað er 17 gull-, 17 silfur- og 17 bronsverðlaunum og það er ekki spurt um það hvort viðkomandi þjóð hafi notað alla sína leikmenn í keppninni. Þannig er hægt að fá gullverðlaun án þess að hafa tekið þátt í nokkrum leik.

SKAUTAHÖLLIN

Skautahöllin er miðstöð skautaíþróttarinnar.

Holl og góð íþrótt fyrir alla fjölskylduna.

Skautanámskeið fyrir börn og unglinga.

SKAUTAHÖLLIN

SÍMI 84370

Völlurinn og útbúnaðurinn.

Stærð vallarins er mest 61×30 m en minnst 56×26 m. Svæðinu milli marklínanna er skipt niður í þrjá jafnstóra hluta með tveim bláum línunum. Rauð lína, miðlína, skiptir vellið í tvo jafnstóra hluta. Völlurinn er girtur með trévegg, sem ekki má vera hærri en 122 cm og ekki lægri en 100 cm, mælt frá ísnum. Þessi þrjú svæði, sem afmarkast af bláu línunum, nefnast varnarsvæði, hlutlaust svæði og sóknarsvæði. Varnarsvæði annars aðiljans er sóknarsvæði hins og öfugt.

Mörkin standa á marklínunum, sem eru 3—4 m frá styttri hliðunum.

Pökkurinn vegur frá 156 gr. til 170 grömm. Kylfurnar mega vera mest 135 cm á lengd og blaðið 37 cm á lengd. Íshockey skautinn er hærri en bandy-skautinn, en markverðirnir nota mjög lága skauta sem eru sérstaklega gerðir fyrir þá þannig, að pökkurinn kemst ekki á milli skautans og skósins.

Lögin og framkvæmd þeirra.

Þegar verið er að útskýra reglur fyrir einhverja íþrótt, sem lítt er þekkt meðal almennings, þá er oftast vænlegast að bera þær saman við reglur og atvik úr öðrum íþróttum, sem kunnari eru, þótt oft sé þetta mjög óskilt.

Bláu línurnar og rauða miðlínan eru til ákvörðunar á því, hvort leikmaður sé rangstæður eða ekki. Rangstæða er dæmd á leikmann í sókn, sem fer yfir bláu línuna, inn á sóknarsvæði sitt, á undan þekkinum. Það eru skautar leikmannsins sem ákvarða rangstöðuna en ekki kylfa hans. Báðir skautarnir verða að vera fullkomlega komnir yfir línuna til þess að hæg

sé að dæma rangstöðu. Það má segja, að fyrir það lið, sem er í sókn, sé það mjög mikilvægt að gæta þess, að enginn úr liðinu fari yfir bláu línuna á undan þekkinum og einnig, þegar pökkurinn er á sóknarsvæðinu, sé það mikilvægt, að hann fari ekki aftur fyrir bláu línuna því þá verða allir rangstæðir um leið.

„Röng sending“ kemur einnig oft fyrir í íshockey. Það er, þegar pökkurinn er sendur úr eigin varnarsvæði yfir rauðu línuna (miðlínan) til samherja. Sem sagt, það má aldrei senda pökkinn yfir tvær línur til samherja. Þekkinum má leika að vild innan eigin varnarsvæðis, á eigin vallarhelmingi, í hlutlausu svæðinu og í sóknarsvæðinu.

„Frýsting pökksins“ eða „icing“ er til þess að koma í veg fyrir leiðinlegan varnarleik. Það má ekki senda pökkinn beint af eigin vallarhelmingi og yfir marklínu mótherjanna. Þetta er svipað og í knattspyrnunni þegar talað er um að „hreinsa“ frá marki, sem mörgum finnst fremur hvítleitt að sjá. Það er þó leyfilegt að gera mark af eigin vallarhelmingi. (Það hefur komið fyrir).

„Fríspark eða fríkast“ þekkist ekki í íshockey. Þegar leikurinn er stöðvaður, sama hvað það er, þá er alltaf byrjað aftur á sama hátt og í upphafi leiks, þannig að pökkurinn er látinn falla niður á milli kylfa tveggja leikmanna (einn úr hvoru liði), sem standa andspánis hvor öðrum. — Leikurinn hefst yfirleitt í næsta upphafspunkti, þegar flautað er af vegna brots eða af einhverjum öðrum ástæðum, nema í sérstökum tilfellum t. d. „frýstingu pökksins“. Þá er leikurinn hafinn aftur í varnarsvæði þess brotlega. Maður fær sem sagt ekkert út úr því að brjóta þá reglu, annað en nokkra sekúndna hvíld eða tækifæri til að skipta um menn á velli.

ÍÐUNNAR SKAUTASKÓRNIR HAFA UM
ÁRABÍL VERIÐ VINSÆLASTIR HÉRLENDIS



ÍÐUNNAR SKAUTASKÓRNIR Á UNGA SEM
ALDNA

ÍÐUNN

SKÓGERÐ

Vísað af velli.

Það er helzt hægt að líkja því, að vísa leikmanni út af fyrir brot á leikreglu þessari, við aukaspyrnu í knattspyrnu. Það er hægt að vísa leikmanni „útaf“ í 2—10 mínútur. Þetta á ekkert skylt við að „reka mann af velli“ eins og þekkist í öðrum íþróttagreinum. Þegar leikmanni er vísað á afbrotamannabekk, er það yfirleitt vegna grófra hindrana og í leikreglunum er getið um mörg tilfelli, sem nefnast „ólöglegar hindranir“. Brotin eru flokkuð niður þannig, að „litli dómur“ er = 2 mín á afbrotabekk, „stóri dómur“ er 5 mín og „brot fyrir óíþróttamannslega framkomu“ er 10 mín. Einnig er hægt að vísa leikmanni útaf það sem eftir er leiktímans. Það er gert við leikmann, sem meiðir eða reynir að meiða andstæðing.

Litla eða stóra dómi er sérhver leikmaður dæmdur, eftir mati dómarans, sem hindrar andstæðing með hné, olnboga, kylfu eða líkama eða sækir þannig að honum að hann skellur harkalega út í trévegginn.

Hindrun með líkamanum er einungis leyfð á eigin vallarhelmingi. Þessu mætti helzt líkja við varnarleik í handbolta. — Leyfilegt er að stöðva þökkinn með hendinni, þó þannig að aðeins má stöðva hann með opinni hendi; ekki taka hann upp eða loka hendinni utan um hann. — Ef haldið er um kylfuna með báðum höndum og henni lyft frá ísnum til að hindra andstæðing, þá er það ólöglegt. Er það nefnt „hindrun með kylfu“. Einnig er óleyfilegt að lyfta kylfunni í meir en axlarhæð, eða þannig, að hún hindri eða trufla andstæðing. Er það nefnt „há kylfa“. Þótt ekki sé hægt að gera mark með of hárri kylfu, þá á að viðurkenna markið ef þökkurinn snertir andstæðing sem heldur kylfunni of hátt. Ekki er leyfi-

legt að gera mark með því að sparka eða slá þökkinn í markið, nema ef hann snertir andstæðing á leiðinni, þá á að viðurkenna markið.

I.

Forsagan.

Allt frá ómunatíð hafa menn haft áhuga á að reyna styrk sinn og þol við meðbræður sína. Frásagnir af íþróttum og kappleikjum finnast í mannkynssögunni og þær hafa verið iðkaðar af öllum þjóðum. Hin- ar ýmsu íþróttagreinar vöktu áhuga forfedranna og menn vita, að leikir með einhvers konar stöfum eða kylfum og kúlulaga hlut sem þrætuepli hafa verið leiknir í þúsundir ára. — Með bognum trjágreinum, seinna með stöfum og kylfum, reyndu hinir ýmsu hópar á meðal þjóðflokkan- na eða í bæjunum að koma þrætueplinu yfir á yfirráðasvæði mótherjanna.

Hjá frumstæðum negraþjóðflok- kum í Afríku, Indjánum S.-Ameríku og Aztekum Mexico hafa menn orðið varir við leiki með kylfu og knött, sem örugglega hafa verið leiknir í ómuna tíð.

Í fornpersneskum hetjusögum er sagt frá leikjum með kylfu og knött, og af myndum úr egyptskum grafhýsum þekkj- um við þetta líka. Líklega bárust leikirnir til Grikklands á dögum Persastríðsins og seinna til Rómar. Til er lágmynd í Apenu frá 6. öld f. K., sem sýnir sex unga menn leika einhvers konar „landhockey“.

Í írskum hetjusögum frá 7.—8. öld er sagt frá leik milli tveggja hópa, sem léku knetti milli sín með kylfu eða staf, og íslenzki „knattleikr“ á 10. öld, sem sagt er frá í Íslendingasögunum, er álitinn sama eðlis.

1175 er sagt, að skóladrengir í London leiki „hockey“.

Hirðingjaþjóðflokkar í Asíu léku „polo“



NÓA VÖR ÁVALLT

FREMI

KONFEKT, BRJÓST
TOPAS OG FLEIRA
H/F BRJÓSTSYKU

Góð vara — Góð þjónusta

MÁLNINGAVÖRUR

LÖKK

LÍM

UNDIRLAGSKÍTTI

ÞÉTTIKANTAR

GÓLFTEPPI

GÓLFDÚKAR

GÓLFFLÍSAM

GÓLFLISTAR

VEGGFÓÐUR

VEGGDÚKAR

VEGGHILLUR

AÐEINS ÞAÐ BEZTA

KLÆÐNING H.F.

LAUGAVEGI 164 — SÍMI 21444


R
STAR!
KARAMELLUR,
ETI!
IN NÓI.

HÓTEL CITY

GISTING
OG
MORGUNVERÐUR

HÓTEL Í HJARTA
BORGARINNAR

HÓTEL CITY



PÓLARIS H.F. — AUSTURSTRÆTI 13 — SÍMI 21388

DÝRIN ÞRÍFAST BEZT Á M.R.-FÓÐRI
ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI Á LAGER M. R.
FÓÐUR OG FÓÐURVÖRUR

MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR

á hestum á sumrin, en einhvers konar landhockey á ísilögðum vötnum eða á hjarni á veturna. — Indíánarnir við Georgian Bay í Ontario í Canada iðkuðu knattleik með kylfum á ís þegar um aldamótin 1600. Þetta líktist helst „Lacrosse“ á ís.

Í Evrópu léku Hollendingar nokkurs konar ísgolf, „kolv“, með kylfu og bolta og voru á hraðhlaupsskautum. — Þegar á 13. öld er vitað að franskir fjárhirðar léku í frítímum sínum knattleik með hjarðstöfum sínum — „hocquets“ — á hinum hörðu sandströndum Frakklands.

Flestir þessara leikja, sem nefndir hafa verið, voru nokkuð harðneskjulegir og höfðu margir þeirra í för með sér limlestingar og dauða. Við Íslendingar þekkjum nokkur dæmi um slíkt úr fornsögum okkar.

II.

*Hvaðan er orðið „Hockey“
upprunnið?*

Fræðimenn deila um það enn þann dag í dag, og eru ýmsar getgátur á lofti. — Ágizkanir þeirra eru t.d.: Indíánarnir í Ontario, sem nefndir voru áðan, léku ekki alltaf í samræmi við þær reglur, sem við erum vanir, og þegar þeir skulu saman eða lömdu hvern annan í leggina með kylfunum, þá hrópaði sá sem fyrir því varð „Hoo-Gee!“ — (Æ, þetta var sárt). Hvítur njósnari, sem fullur áhuga fylgdist með þessu athæfi, skýrði seinna frá hinum sérkennilega ísleik og kallaði hann „Hogee“, seinna „Hockey“.

„Hockey“ er komið af enska orðinu „hooked“, sem þýðir „krókboginn“, segja aðrir fróðir menn.

Þriðji hópurinn telur það vera franskt að uppruna og sé komið af orðinu „Hocquet“, sem er nafnið á staf hinna fyrrnefndu frönsku hjarðsveina.

Hvað sem kann að vera rétt í þessu, er það fræðimannanna að skera úr um það.

III.

Landhockey-Bandy

Þessir leikir sem nefndir eru hér að framan eru undanfarar hockeysins. — Fyrst verður til landhockey. Það kemur fyrst fram í sinni núverandi mynd í Englandi á 18. öld. Landhockey er leikið á grasvelli sem er á stærð við knattspyrnavöll og eru 11 menn í liði.

Á svipuðum tíma, eða um aldamótin 1800 er farið að leika bandy.

Hvað er bandy?

Það er boltaleikar (boltinn er á stærð við tennisbolta), leikinn á ís með boginni, flatrí kylfu af tveim 11 manna liðum, á skautum. Niðurröðun liðsins er svipuð og í knattspyrnu og leiktíminn er 2x45 mín.

Talið er að bandy sé fyrst og fremst runnið frá hinu áður nefnda hollenska „ísgolfi“ („kolv“). Bandy í sinni núverandi mynd var fyrst leikið í Englandi af „Bury Fen“, og lið frá þessum stað kynnti bandy í London 1860. 1891 var fyrsti landsleikurinn háður milli ensks og hollensks liðs. Sama ár var alþjóðasamband í bandy, „National Bandy Association“, stofnað og leikreglur samdar eftir fyrirmynd frá landhockey og knattspyrnu.

Síðar kynntu enskir ferðamenn leikinn á ýmsum kunnum dvalarstöðum iðkenda vetraríþróttá á meginlandinu.

Fyrsti sænski bandyklúbburinn var stofnaður 1895, og fyrir aldamótin var farið að leika það í Noregi.

Nú hin síðari ár er bandy eingöngu iðkað í hinum norðlægari löndum. Í Noregi og Svíþjóð er bandy mjög vinsæl íþrótt. Einkum er það iðkað af unglingum. Í Sovétríkjunum mun bandy einnig eitthvað iðkað.

IV.

Canada — vagga íshockey'sins

Vagga íshockey'sins er talin vera í Canada. Þar steig það sín fyrstu bernskuspor, ef svo mætti að orði komast, þar óx það upp og þróaðist í sína núverandi mynd og þaðan barst það til annarra landa.

Sem fyrr voru það Englendingar er áttu upptökin. Talið er að íshockey hafi fyrst verið leikið af enskum hermönnum er voru í herdeildum sem staðsettar voru í Kingston og Halifax í Canada frá 1783 til 1855, Sagnfræðingur, Mr. Horsey að nafni, ritar í dagbók sína 1847 í Halifax: „Flestir hermennirnir kunna mjög vel á skautum. Þeir geta gert ýmsar kúnstir, svo sem að fara í áttu eða annað álíka erfitt, en auðséð er að „shinny“ á hug þeirra allan“ — (shinny er talið eldra nafn á hockey).

Fyrst í stað líktist þetta mjög ísknattleik (bandy). Það var notaður bolti eða trékubbur og stuttar bognar kylfur. Engar ákveðnar leikreglur giltu, heldur var stuðst við „sannan íþróttanda“ og leikreglur úr öðrum knattleikjum. Fjöldi leikmanna fór frekar eftir því hversu margir voru viðstaddir til að spila en eftir stærð svæðisins.

Seinna var farið að nota lengri kylfur, líkari þeim, sem notaðar eru í dag. Einnig var farið að setja snjókant í kringum svellið, til að afmarka svæðið. Sem mörk voru notuð tvö stígvél sitt hvoru megin. Þetta var fyrsti vísirinn af reglum.

Það olli miklum töfum hveru oft boltinn týndist í snjókantinum og erfitt var að hemja hann á svellinu. Þá hugkvæmdist einum leikmannanna einhverju sinni að skera af hinum harða gúmmíbolta þannig að hann leit út eins og skífa og hefur lögun hans að mestu haldizt þannig fram á þennan dag. Þannig varð þökkurinn (puck) til.



Íshockey eða Shinny á árdögum þess í Canada

Fyrstu afmörkuðu vellirnir voru á stærð við knattspyrnuvelli. Um svipað leyti var farið að miða við 11 menn í hvoru liði og leiktími hafður tvær stundir.

Fyrsta innanhúss-skautasvæðið var „Victoria Skating Ring“ í Montreal, byggt 1862. Þar fór fram fyrsti kappleikurinn í íshockey 3. marz 1875.

Sumarið 1878 heimsótti W. F. Robertson, stúdent við McGill háskólann í Montreal, England og sá þar leikið „Landhockey“. Hann varð mjög hrifinn af því og sem mikill aðdáandi og þátttakandi í íshockey sá hann strax þá möguleika sem þetta hafði fyrir íþróttina. Þegar heim kom sagði hann samstúdent sínum, R. F. Smith, frá hugmyndum sínum, og þeir settust niður og sömdu leikreglur fyrir íshockey, sem sniðnar voru eftir bandy, Lacrosse, fótbolta og land-hockey. Þessar reglur leyfðu 11 menn í liði, en síðar var þeim fækkað í níu. Þetta eru taldar fyrstu leikreglurnar í íshockey og eru kallaðar „Mc Gill-reglurnar“. — Síðan hafa þær

breytt mjög, en beinagrindin er sú sama.

Mörgum finnst eflaust einkennilega að fyrsti kappleikurinn skuli hafa farið fram þremur árum áður en fyrstu raunverulegu leikreglurnar komu til sögunnar. En því er til að svara að þessi leikur mun hafa verið dæmdur eftir leikreglum í land-hockey.

Íshockey breiddist mjög hratt út um Canada og varð skjótt mjög vinsælt meðal almennings. Ný félög voru stofnuð og þegar 1893 fór fram fyrsta meistaramótið, „Stanley Cup“. Það voru eingöngu áhugamannalið sem kepptu þá. — Þegar kom fram á fyrsta tug aldarinnar fóru að rísa upp atvinnumannalið í íshockey. Þá vandaðist málið, því áhugamennirnir töldu sig eina eiga tilkall til bikarsins. — Þetta leystist á þann veg að stofnað var til annarrar keppni 1911, „Allan Cup“. Þar eigast við áhugamennirnir, en atvinnumennirnir héldu Stanley bikarinn. Stanley bikarinn var gefinn af Lord Stanley, síðar jarli af Derby, þáverandi landstjóra Breta í Canada. Í dag keppa atvinnumannalið í Canada og U.S.A. um Stanley bikarinn og er af mörgum litið á mótið sem óformlega heimsmeistarakeppni atvinnumanna. Árið 1887 var Canadíska íshackeysambandið (áhugamenn) stofnað og er fulltrúi landsins út á við, en atvinnumennirnir, National Hockey League (NHL), eru sér á báti.

Frá Canada barst leikurinn mjög fljótt til Bandaríkjanna eða þegar á síðasta tug nítjándu aldar.

Í Evrópu mun íshockey fyrst hafa verið iðkað í Englandi þegar fyrir 1890, og í Þýskalandi var vað leikið fyrst 1895 og ári síðar í Svíþjóð.

Árið 1908 var alþjóða íshockey sambandið, Ligue Internationale de Hockey sur Glace (LIHG), stofnað. Tveim árum síðar fór fram fyrsta Evrópumeistaramót-

ið að Les Avantes í Frakklandi. Fjórar þjóðir mættu til leiks: Englendingar, Belgar, Þjóðverjar og Svisslendingar, og unnu Englendingar. Þegar á næsta ári bættist Böhemia (nú Tékkóslóvakía) í hóp þeirra, sem börðust um efstu sætin. 1914, þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á, beið íshockeyið mikinn hnekk eins og aðrar íþróttagreinir. — Það var ekki fyrr en um 1920, að allt var komið í samt lag aftur. Þá var ákveðið að hafa íshockey með í dagskrá Olympíuleikanna, sem halda átti í Antwerpen sama ár.

Úrslit í leikjunum urðu þau, að Canadamenn (allir keppendur liðsins voru af íslenskum ættum) unnu og urðu þeir þar með því einnig heimsmeistara í íþróttinni. Keppnir þessar voru haldnar með sama sniði til ársins 1928, en frá 1930 hefur heimsmeistarakeppnin farið fram árlega að undanskildum árunum 1940—1946, vegna seinni heimsstyrjaldarinnar. Árið sem Olympíuleikarnir fara fram eru engar sérstakar keppnir háðar heldur gilda niðurstöður leikanna eins og áður.

Eftir 1920 tóku Svíþjóð og Tékkóslóvakía miklum framförum í íshockey og hafa verið í fremstu röð allt fram á þennan dag.

Canadamenn sigruðu í íshockey á öllum Olympíuleikum til ársins 1952 að undanskildum leikunum 1936, en þá sigruðu Englendingar. Lið þeirra var eingöngu skipað Canadamönnum.

Eftir síðari heimsstyrjöldina var fyrsta heimsmeistarakeppnin haldin í Prag og unnu Tékkar, en Canadamenn mættu ekki til leiks. Árið eftir unnu Canadamenn naumlega Tékkar og Bandaríkjamenn. Árið 1954 komu Rússar fyrst fram á sjónarsviðið og segja má að þeir hafi komið, séð og sigrað, því þeir sigruðu með glæsi-brag og hafa síðan verið í hópi sterkustu íshockeyþjóða heims. Frá og með

1963 hafa þeir unnið á öllum alþjóðamótum. Helztu keppinautar þeirra eru Tékkar, Svíar, Canadamenn og U.S.A.

Helzta ástæðan fyrir svo skjótri vengingni á alþjóðavettvangi er eflaut sú að í þessum löndum hafa á síðustu árum risið upp hvert íshockey-svæðið af öðru, öll vélfryst. T.d. í Svíþjóð voru 1965 til 16 skautahallir og 110 vélfryst skautasvell, sem eru 60x30 metrar á stærð.

Þessar þjóðir hafa unnið í íshockey frá upphafi; og fjöldi leikja í eftirfarandi mótum:

Heimsmeistarakeppnin:

Canada	19 skipti
Sovétríkin	8 —
Svíþjóð	3 —
Bandaríkin	2 —
Tékkóslóvakía	2 —
England	1 —

Ólympíuleikar:

Canada	6 —
Sovétríkin	3 —
England	1 —
Bandaríkin	1 —

Evrópumeistarakeppnin:

Sovétríkin	12 skipti
Svíþjóð	9 —
Tékkóslóvakía	7 —
Sviss	5 —
England	4 —
Austurríki	2 —
Bohemia (Tékkar)	2 —
Þýskaland	2 —
Belgía	1 —
Frakkland	1 —

Á. B. K.



HINAR MARGUPPSELDU

Candy

ÞVOTTAVÉLAR

ERU NÚ FYRIRLIGGJANDI

EF ÞÉR ÆTLIÐ AÐ KAUPA

ÞVOTTAVÉL FYRIR JÓLIN

ER NAUÐSYNLEGT AÐ

PANTA STRAX

VERZLUNIN

PFAFF

SKÓLAVÖRDUSTÍG 1A, SÍMI 13725



GREIÐIR

HÆSTU

VEXTI AF

SPARIFÉ

SAMVINNUBANKINN

Akranesi - Grundarfirði - Patreksfirði
Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri
Stöðvarfirði - Keflavík - Hafnarfirði - Reykjavík

Ríkisútvarpið

AUGLÝSINGASÍMI 22260

BEZT AÐ AUGLÝSA Í RÍKISÚTVARPINU

FYRST MEÐ FRÉTTIRNAR

Fyrstu kynni Íslendinga af íshockey

Fálkarnir — Guðmundur S. Hofdal

Fyrstu kynni Íslendinga af íshockey munu hafa verið þau, að þeir sem fluttu vestur um haf til Kanada um síðustu aldamót komust ekki hjá því að kynnst þessari nýju íþrótt, sem var í svo miklum uppgangi á þeim tímum. Hún var þegar orðin þjóðaríþrótt Kanada.

Í Winnepeg var stærsta Íslendingabyggðin í Kanada. Þar mynduðust mjög fljótt ýmis félög, sem eingöngu voru skipuð mönnum og konum af íslenzku bergi brotin. Eitt þessara félaga var íþróttafélagið Fálkar. Það iðkaði baseball á sumrin en íshockey á vetrum. Á öðrum tug aldarinnar var félagið þegar orðið í fremstu röð í íshockey.

Þegar saga Fálkanna er rakin verður ekki komið hjá því að minnst á Guðmund Hofdal. Svo samtvinnuð er

saga þeirra beggja. Það er ekki svo minnst á Guðmund að Fálkarnir séu ekki nefndir í sömu andrá. Eins er það með Fálkana, að þeirra er ekki getið án þess, að Guðmundur sé nefndur. Guðmundur Hofdal var Austfirðingur að ætt. Hann fluttist til Reykjavíkur um aldamótin síðustu og gat sér fljótlega gott orð sem glímumaður og íþróttapjálfi. Hann var í íslenska glímuflokknum, sem fór á Olympíuleikana 1908 í London og sýndi glímu þar. Seinna, eða um 1913—1914, fór hann vestur um haf. Hann átti þar allmargt af skyldmönnum, sem hann hugðist heimsækja. — Guðmundur hafði verið skamma hrið vestra, þegar hann komst í kynni við íþróttafélögin. Þau kynni leiddu til þess, að hann var fenginn til að kenna glímu og frjálsar íþróttir.



Hinir heimsfrægu Fálkar, sem voru allir af íslenzku bergi brotnir

Um þessar mundir geisaði styrjöld í Evrópu og voru ungir menn hvattir til að gefa sig fram til herþjónustu. Guðmundur var meðal þeirra, sem fóru frá Kanada. Hann fór fyrst til Englands og síðar til meginlandsins, þar sem hann var aðallega við aðgerðir á særðum mönnum í fremstu víglínu.

Árið 1919 ætlaði Guðmundur heim til Íslands, en það fékkst ekki. Honum bar að fara fyrst til Kanada, þar sem honum stóð til boða að gerast ríkisborgari fyrir þátttöku sína í stríðinu, og þaðan til Íslands. Þá var það að Kanadíska íþróttasambandið auglýsti eins og venja var til, að landsmót í íshockey og umsóknir um þátttöku þurfi sambandið að fá fyrir tiltekinn tími. Jafnframt var auglýst, að það lið, sem sigraði í landsmótinu að þessu sinni, fengi réttinn til að keppa fyrir hönd Kanada á Olympíuleikunum í Antwerpen næsta ár.

Mörg hundruð félög tilkynntu þátttöku sína, en aðeins 15 lið voru valin og voru Fálkarnir eitt þeirra.

Þá var það að Fálkarnir fréttu, að Guðmundur S. Hofdal væri kominn til Kanada og væri á förum til Íslands. Þeir lögðu fast að honum að hætta við heimförina, og gerast þjálfari félagsins næsta keppnistíma, og féllst hann á það.

Rétt er að taka fram, að það var annar skilningur lagður í orðið þjálfari þar en hér. Þjálfari er sá sem annast allt eftirlit með leikmönnum, sér um að þeir fari á réttum síma í svefn, fari á tilsettum tíma á fætur, fylgist með mataræði þeirra, ver þá fyrir ofáti, gerir að meiðslum leikmanna, fylgist með líkamlegri velferð þeirra og hjálpar þeim til að vera sem bezt fyrirkallaðir.

Fálkarnir æfðu vel undir leiðsögn Guðmundar og unnu alla sína leiki og flesta með talsverðum yfirburðum.

Til marks um hversu þeir áttu hugi manna í Winnepeg er til blaðagrein eftir Guðm. S. Hofdal þar sem hann átelur landa sína fyrir fégræðgi: „Samtímis og Fálkarnir með sigrum sínum slá bjarma yfir þjóðerni vort, skríða féggjarnir menn fram úr skúmaskotum sínum og kasta á hann skugga“. Hverjum manni var aðeins leyfilegt að kaupa 4 miða, sem kostaði 75 sent hver, en þeir fóru aftur og aftur í röðina og seldu síðan hvern miða á 15—20 dali.

Þótt liðið sigraði í öllum leikjum sínum í keppninni, mátti litlu muna í eitt skiptið, en það var á móti Selkirk, sem var afar sterkt lið frá Miðríkjunum. Eitthvað virtust Fálkarnir vera miður sín framan af leiknum, því Selkyrk hafði skorað 5 mörk er leikurinn var hálfnaður, en þeir ekkert. Að venjulegum leiktíma loknum var staðan jöfn og var þá framlengt. Það varð að framlengja tvisvar áður en úrslit fengust, en Fálkarnir unnu loks með einu marki.

Það fer ekki milli mála, að Guðmundur hefur vakið mikla tiltrú sem þjálfari, því annars hefði hann ekki verið ráðinn hjá svo góðu liði sem Fálkarnir voru.

Fyrir Kanadamenn var keppni þessi mjög mikilvæg, því síðan átti að velja lið til að sýna þjóðaríþrótt þeirra, íshockey, á Olympíuleikunum. En Alþjóðaolympíunefndin hafði látið það boð út ganga fyrir leikina í Antwerpen, að tekin yrði inn á dagskrá leikjanna hin „Kanadíska“ íþrótt íshockey.

Fálkarnir háðu úrslitaleik við háskóla-liðið í Toronto um titilinn bezta áhugamannalið Kanada (Allan bikarinn) og unnu glæsilega. Þar með höfðu þeir líka hreppst förina til Antwerpen.

Olympíuleikarnir í Antwerpen 1920

För Fálkanna á Olympíuleikana var

FALCONS HOCKEY-LEIKJA KAPPAR CANADA Á LEIÐ TIL OLYMPISKU-LEIKJANNA Í ANTWERP



Nafn leikendanna. — Þeir sem standa á bak við, talið frá vinstri hlið: Guðmundur Sigurðsson (eftirlitsmáður), H. Benson, Huck Woodman (varannáður), Konrad Jóhannsson, Elliott (varannáður), Kr. Friðfinnsson. — Frammi, talið frá vinstri hlið: W. Byron, Magnús G. Guðmann (Mike Goodman), Frank Fredrickson, Halldór Halldórsson, B. Benson.

Eins og til stöð, var íralita leikurinn, eða öllu heldur leikurinn um það, hvert íslensku Hockey-flokkurinn eða sá frækasti Hockey-leikflokkur, sem til er í austurfylkingu Canada hefi sigur úr bótum í þessum hinna mjög svo merktu og þjóðlega leik — og þá líka hljóta hefur hann, sem þeim bor, er fram úr skara hjá heilli þjóð — og líka til þess, að halda uppi merki Canada að því er þennan leik snertif, til Olympisku leikanna, sem í hönd fara.

Þegar að þessir íslensku leiksveimar voru kvaddir á vagnstöðum hér í Winnipeg af margföldu auklun, voru menn sér þess meðvitaði, að sigurinn væri þeirra, og að værd manna þegar austur kom á leikvöllinn, að þeir gætu með samli suet eins og Ósmar: "Eg kom, eg sé, eg sigraði."

Íslendingarnir þreyttu þessa ódrita kappleiki í borginni Toronto, á laugardagskvöldið og mánudagskvöldið var, og voru þeir aldrei í neinu lætta staddir — voru fljótar á skautum og fimari í leiknum frá byrjun til enda, heldur en mótstöðumeignir, og þegar háður leiknum var lokið, höfðu Íslendingarnir 11 vinninga, en mótstöðumeina þeirra 5, og þeir höfðu meira, eftir því sem austanblóðin segja, þeir höfðu aðlaun og virðingu hvers einustu manns fyrir þá, hve leikni þeirra var þrönn.

"Sumir halda því framt," segir blaðið Globe, "að leikflokkurinn frá Sudbury hefði reynt Íslendingunum snjallari. Slíkt er tölðraumar, því það var ekki einasta, að Íslendingarnir sýndu, að þeir væru hins lang freimsta Hockey leikarar, sem hér hafa sýnt sig síðan á hinum eftirminnanlegu dögum þeirra Victorias og St. Michael's, heldur líka hvernig að menn ættu að fara með þessum leik, en þess að meðhöfða reglum listarinnar."

Mall and Empire segir um þá: "Eftir að vera bannir að verja Allan bikarinn í tvö ár, verður Austur-Canada að láta hann af hendi við Fálkana. Þessa menn, sem eru svo fljótar á skautum að myndum satir, því eftir því sem þeir tóku á laugardagskvöldið, getur ekki minna en kraftaverk yrnad þeim frá að senda bikarinn vestrar til Winnipeg, á meðan að þeir halda skjótt áfram til Olympisku leikjanna, til þess að vinna sér og landi sínu meiri heiður og ný verðmann. Þeir eru verðugir þess, að vera trúad fyrir að halda uppi heidri Canada við þá leiki."

Blaðið Star segir: "Kallið þið þá hevi sem ykkur áyðist, heitföthljí Vestarlandsins, feliðvið frá Manitoba, Heita vindstrauma Vestursins, sem atla að kafa manna, eða hváð annað, sem yður dættur í hug, og sem táknar yfirburða trúnað, og þér hafið lýsingu af Fálkanum."

Leikflokkurinn íslenski heldur nú áfram austur yfir haf, til Belgíu á Olympisku leikina, þar sem þeir þreyttu Hockey-leik við leikflokka frá ýmsum löndum, og höfum vér fulla ástæðu til þess að vonast eftir, að þeir beri sigur úr bótum þar, því vart mun þar að etja við skabari keppnanta, heldur en Íslendingarnir hafa nú metið og yfirunnið.

Þeir sigla þriðja apríl frá St. John með skipinu Melita. En kappleikarnir í Antwerp fara fram í þessum mánaði. Hugheilar árnúðaróskir Vestur-Íslendinga fylgja þessari happa-xvoti austur yfir hafid.

sannkölluð sigurganga. Þeir unnu alla sína leiki, og flesta með miklum yfirburðum.

Fyrst léku þeir við Tékkóslóvakíu og unnu þá með 15:0, síðan við Bandaríkin og unnu með 2:0 og síðan við Svía og fór sá leikur 12:1 fyrir Fálkana. En alls tóku sjö þjóðir þátt í keppninni. Þær voru: Belgía, Frakkland, England og þær fjórar þjóðir, sem nefndar voru hér að framan.

Öll löndin, nema Kanada, sendu úrval úr mörgum félögum.

Í blöðum frá þessum tímum er alltaf talað um Íslendingana, þegar Fálkana var getið. Sænskt blað getur þess, að lið Kanada sé skipað Íslendingum einvörðungu og heiti félagið Fálkar, en fálkinn sé þjóðarmerki Íslands.

Mjög var látið af snilli þeirra Fálka-

manna. Fyrirliði liðsins, sem hét Frank Fredrikson, var talinn þeirra snjallastur ásamt Magnúsi Gíslasyni Goodmann.

Í bók sinni „Hockey Night in Canada“ segir Foster Hewitt eftir föður sínum, sem var ritari Íshockeysambands Kanada og fararstjóri á leikana í Antwerpen (hann fór síðan á ferna Olympíuleika sem fararstjóri, og var íþróttafréttaritari að atvinnu), að Magnús Goodmann hafi verið sá fljótasti íshockey leikmaður, sem hann hafi séð leika fyrr eða síðar. — Magnús var einnig þekktur hraðhlaupari. Hann varð Skautameistari Kanada 1920.

Eftir leikana kom Frank Fredrikson, fyrirliði Fálkanna, til Íslands og fékkst við flug og flugkennslu. Í viðtali, sem Morgunblaðið átti við hann, skömmu eftir komuna hingað, segir, að Fálkarnir hafi unnið alla sína leiki og fengið á sig eitt

mark. „Hvernig boltinn komst í mark í þetta eina skipti veit enginn enn. Hann var sleginn einhvers staðar úti á miðju svelli og enginn vissi hvert hann fór. En viti menn. Hann fannst í markinu okkar“.

Af öðrum leikmönnum má nefna Konráð (Konna) Jóhannesson, sem starfrækti flugskóla fyrir vestan og margir Íslendingar hafa sótt.

Eftir leikina í Antwerpen fór Guðmundur S. Hofdal til Svíþjóðar og varð þjálfari hjá sænska frjálsíþróttasambandinu.

Á síðari árum var Guðmundur hér heima við þjálfunarstörf. Hann var meðlimur Skautafélags Reykjavíkur og tók virkan þátt í störfum þess. Guðmundur reyndi aftir megni að vekja áhuga á íshockey hér á landi, en lítill hljómgrunnur fékkst fyrir því.

A. B. K.

Happdrætti Háskóla Íslands

HÆSTA VINNINGSHLUTFALLIÐ:

fall en nokkurt annð hppdrætti greiðir hérlandis. — Athugið: Eitt númer af hverjum fjór-Vinningar nema 70% af samanlögðu andvirði seldra miða. Er það miklu hærra vinningshlutum hlýtur vinning. 7 krónur af hverjum 10 eru greiddar í vinninga — og berið saman við önnur happdrætti.

HÆSTA HEILDARFJÁRHÆÐ VINNINGA:

Heildarfjárhæð vinna er 120.960.000 krónur — eitthundrað og tuttugu milljónir nfu hundruð og sextíu krónur, sem skiptast þannig:

2 vinningar á	1.000.000 kr.	2.000.000 kr.
22 vinningar á	500.000 kr.	11.000.000 kr.
24 vinningar á	100.000 kr.	2.400.000 kr.
3.506 vinningar á	10.000 kr.	35.060.000 kr.
5.688 vinningar á	5.000 kr.	28.440.000 kr.
20.710 vinningar á	2.000 kr.	41.420.000 kr.
AUKAVINNINGAR:		
4 vinningar á	50.000 kr.	200.000 kr.
44 vinningar á	10.000 kr.	440.000 kr.
30.000		120.960.000 kr.

HVER HEFUR EFNI Á AÐ VERA EKKI MEÐ?
HAPPDRAETTI HÁSKÓLA ÍSLANDS


AUGLÝSING UM SKÓLATANNLÆKNINGAR REYKJAVÍKURBORGAR

Tannviðgerðir munu á þessu skólaári fara fram í nokkrum barnaskólum Reykjavíkurborgar og hinni nýju deild skólatannlækninganna í Heilsuverndarstöðinni. Öll börn á aldrinum 7 til 12 ára í barnaskólum borgarinnar geta orðið þessarar þjónustu aðnjótandi ókeypis.

Verður þá hætt endurgreiðslum vegna tannviðgerða skólabarna í stofum annarra tannlækna.

Viðtalstími skólayfirtannlæknis er kl. 9—10 daglega, sími 19710.

HEILSUVERNDARSTÖÐ REYKJAVÍKUR



VITRETEX

PLASTMÁLNING

UTANHÚSS

VITRETEX

INNANHÚSS

UTANHÚSS:

VITRETEX plastmáling hefur mjög góða veðrunareiginleika og þolir sérlega vel áhrif sjávarseltu. Málningin hefur nokkurn gljáa, þannig að áferðin er aðlaðandi auk þess sem hún hrindir mjög vel frá sér ryki og öðrum óhreiningum.

INNANHÚSS:

HREINSUN ER ÞVÍ MJÖG AUÐVELD

VITRETEX plastmálning er sterk, áferðarfalleg, auðveld í notkun auk þess sem hún er lyktarlaus og ýrist ekki þegar málningarrúllur eru notaðar.

MIKIÐ LITAÚRYAL

LEITIÐ UPPLÝSINGA
HJÁ OKKUR

SÍMI 10123

SLIPPFÉLAGIÐ I REYKJAVÍK

Íshockey í Reykjavík

Lítill gaumur hefur þessari íþrótt verið gefinn hérlandis fyrr en á síðustu árum.

Einna fyrst mun hún hafa verið iðkuð á Akureyri eða um 1940. Þá voru þar menn, sem kynnt höfðu íshockey í Kanada með Fálkunum í Winnipeg. Litlu seinna fást menn við íshockey í Reykjavík. Þetta voru ekki neinar skipulagðar æfingar, heldur örfáir menn, sem fengust við þetta sér til ánægju og heilsubótar.

Það munu hafa verið amerískir hermenn, sem staðsettir voru hér á stríðsárunum, er fyrstir sýndu og léku íshockey hér á Tjörninni, og komust Íslendingar mjög fljótt í kynni við þá. Ýmsir þeirra, sem lærðu íshockey þá, hafa leikið það fram á þennan dag, og voru meðal þeirra, sem stóðu að endurvakningu þess innan Skautafélagsins, er það hóf að iðka íshockey fyrir tveim árum.

Fyrsti vísir að kennslu í íshockey var með komu Eistlendingsins E. Mixon, sem margir kannast við sem frábæran nuddara, en hann hafði verið landsliðsmaður í þessari grein íþróttar í heimalandi sínu. Hann reyndi að koma hér á reglubundnum æfingum í íshockey á vegum Skauta-

félags Reykjavíkur á árunum kringum 1950. Um þetta leyti var mikil gróska í hraðhlaupinu hér í Reykjavík og þess vegna beindust hugir manna frekar í þá átt og lítið varð úr þessari tilraun.

Næstu vetur á eftir var íshockey eitt-hvað iðkað, þó af mjög fámennum hóp, sem engir meðlimir S.R. voru í.

Það var ekki fyrr en um haustið 1966, að skriður komst á málið. Til Loftleiða hafði verið ráðinn flugstjóri að nafni Raymond Goeres. Hann hafði áður fyrr verið leikmaður í íshockey í heimalandi sínu, Kanada. Hér komst hann í samband við nokkra áhugamenn um íshockey og varð það úr, að þeir boðuðu til fundar föstudaginn 2. des. kl. 17 að Hótel Borg. Á fundinum var almenmur áhugi fyrir því að hefja æfingar í íshockey. Einnig vildu margir að stofnað yrði félag, sem annað-ist hina félagslegu hlið málsins. — Þá benti einn fundarmanna á það, að hér í borg væri skautafélag, en öll félagsstarfsemi þess hafði að vísu legið niðri um tíma, og taldi hann réttara, að allir, sem ekki væru í félaginu, gengju í það og sköpuðu því ný skilyrði til gróskumikils lífs í fram-



Æfing á Tjörninni



E. Mixon



Bobby Hull sýnir t. v. „svífskot“ og t. h. „slagskot“



Fyrsta úrvalslíð Reykjavíkur, í fyrstu bæjarkeppni sem hald var í Reykjavík, og var keppnin við úrvalslíð Akureyrar og hald á Melavellinum. — Frá vinstri: Kristján Tryggvason, Ágúst B. Karlsson, Eggert Steinsen, Svavar Jóhannesson, Þorsteinn Thorlacíus, Andrés Sigurðsson, Guðjón Haraldsson, Einar Ólafsson, Sigurjón Sigurðsson, Hannes Sigurjónsson, Kristján Jóh. Agnarsson, Sveinn Kristófersson.

tíðinni. Að þessu var gerður góður rómur og var ákveðið að fara á fund stjórnar Skautafélags Reykjavíkur og kanna undirtektir.

Mál þetta reyndist mjög auðsótt til þeirra, og má segja, að við þessar viðræður hafi nýtt líf tekið að færast í félagið. Eftir var fljótlega til almenns fundar, sem

Svipmyndir úr fyrstu kappleikjum í íshockey, er háðir voru í Reykjavík







Fyrsta íshockey-lið Skautafélags Reykjavíkur og jafnframt fyrsta íshockey-kapplið sem keppir í Reykjavík. — Efri röð frá vinstri: Sveinn Kristdórsson, Sigfús Erlingsson, Sigurjón Sigurðsson, Guðjón Haraldsson, Einar Ólafsson, Þórhallur Karlsson. — Neðri röð: Þorsteinn Thorlacius, Kristján Jóh. Agnarsson, Ólafur Björgvinsson, Kristján Tryggvason, Karl Jóhannsson.

haldinn var á Melavellinum eftir æfingu, og var ákveðið þar að halda aðalfund hið fyrsta.

Strax í upphafi var félaginu það mikið áhugamál að fá svæði, þar sem hægt var að æfa án þess að af því skapaðist hættu fyrir þá, sem iðkuðu skautafarir sér til skemmtunar. — Þetta reyndist þó minna mál en við hugðum í fyrstu og telja verður það verk vallarstjóra Melavallar, Baldurs Jónssonar, og manna hans, að svo vel tókst til. Frá fyrstu tíð hefur mikils skilnings gætt frá þeirra hendi í okkar garð.

Sumarið 1967 var Íþróttaráði Reykjavíkurborgar ritað bréf og farið þess á leit, að félaginu yrðu sköpuð viðunandi aðstaða til iðkunar á íþróttinni. Það drógst á langinn, að svar fengist við þessari mála-

leitan okkar, en að lokum var okkur tjáð, að fyrirhugað væri að útvega aðstöðu fyrir íshockeyiðkanir á hinu nýja svæði Knattspyrnufélagsins Þróttar við Elliðavog. — Úr þessu varð þó ekki vegna þess, að svæðið var ekki komið í það ástand um haustið, sem ráðgert hafði verið. Blés nú ekki byrlega um tíma og leit helzt út fyrir að félagið myndi búa við sömu kjör og veturinn áður. En það sem háði okkur mest var það að hafa ekki trévegg í kringum svæðið og betri lýsingu.

Það varð uppi fóttur og fit í félaginu, þegar það spurðist, að nú væri verið að smíða ramma, í fullri stærð, utan um íshoskeysvæðið vestur á Melavelli. Sumir trúðu þessu ekki og gerðu sér ferð út á völl til að sjá undrið. — — En þetta



Einar Ólafsson

Dagfinnur Stefánsson



Karl Jóhannsson

Ólafur Björgvinsson

reyndist rétt! — — Félagsmenn hafa eflaust flestir litið allspaugilega út, þegar þeir komu til að skoða svæðið í fyrsta skiptið, því hinir ýmsu starfsmenn Melavallarins kíndu svo kankvíslega til okkar um leið og þeir fullyrtu, að veturinn framundan yrði örugglega mikill hlýinda-vetur. Sögðust hafa það eftir veðurglöggu-mönnum. — En reyndin varð önnur, sem betur fór.

Eftir þessa blóðgjöf hófust síðan fjör-

ugar íshockeyæfingar innan félagsins og félagsmönnum fjölgaði.

Um áramótin 1966—'67 kom fram til-laga um keppnisferð til Akureyrar, en Ak-ureyringar höfðu til þessa einir manna æft reglubundið íshockey á Íslandi um nokk-urra áratuga skeið. Var tillagan samþykkt og ákveðið, að loknum viðræðum við norð-anmenn, að fara til Akureyrar laugardag-inn 28. jan. og keppa við þá.

Og þann 28. jan. kl. 9 að morgni flugu



Sveinn Kristdórsson



Sigurjón Sigurðsson



*Dorsteinn Thorlacius t. v.
Hannes Sigurjónsson t. h.*

nú félagar úr S.R. með Flugfélagi Íslands til Akureyrar. Flugferðin stóð yfir í röskar 50 mín. og var lent á Akureyrarflugvelli laust fyrir kl. 10 árdegis. Á flugstöðinni voru mættir nokkrir meðlimir S.A. og buðu gesti velkomna. Síðan óku þeir okkur að Hótel K.E.A., en þar hafði verið ákveðið að gista. Eftir málsverð á hótelinu var haldið inn á Krókeyri, þar sem íshockeysvæði norðanmanna er, og átti keppnin að hefjast þar kl. 13. Þar voru liðsmenn S.A. mætir, og eftir venjuleg formsatriði var flautað til leiks.



*Guðjón Haraldsson t. v.
Gunnar Steinsen í miðju
Dagfinnur Stefánsson t. h.*

KAUPFÉLAG EYRARBAKKA:

VIÐ HÖFUM
ÚTGERÐARVÖRUR,
NÝLENDUVÖRUR,
VEFNAÐARVÖRUR,
VERZLIÐ ÞAR SEM
ÚRVALIÐ ER

KAUPFÉLAG EYRARBAKKA

KAUPFÉLAG FLATEYRAR:

ALLAR VERZLUNARVÖRUR,
SVO SEM KJÖT,
NÝLENDUVÖRUR,
VEFNAÐARVÖRUR,
ÚTGERÐARVÖRUR O. FL.

KAUPFÉLAG FLATEYRAR

SKERPIR

ÞURFIÐ ÞÉR AÐ LÁTA
SKERPA EÐA GERA VIÐ
BITJÁRN, ÞÁ TALID VIÐ
OKKUR.
ÖRUGG OG GÓÐ VINNA
FLJÓT AFGREIÐSLA.

SKERPIR

RAUÐARÁRSTÍG 24
SÍMI 22739

L UNDIRFATNAÐUR
VESKI O PILS, PEYSUR
SLÆÐUR N SÍÐBUXUR
HANZKAR D SLOPPAR
REGNHLÍFAR O BLÚSSUR
N
DÖMUDEILD



Svavar Jóhannesson

Andrés Sigurðsson

Ekki skal því neitað að við sunnanmenn höfðum gert okkur nokkrar vonir um úrslit leiksins, en eins og fram kom reyndust þær ekki á rökum reistar. Þó voru úrslit leiksins að öllu leyti skiljanleg og eðlileg í sjálfu sér, þar eð gífurlegur munur var á reynslu og æfingu þessara tveggja liða, m. a. vegna hinna slæmu æfingaskilyrða Reykvíkinga og hins stutta tíma, sem íþróttin hafði verið iðkuð. Það fór því svo, eftir skemmtilegan en ójafnan leik sigruðu Akureyringar með 13 mörkum gegn 4.

Um kvöldið var okkur úr S.R. svo haldið ágætt samsæti að Hótel K.E.A.



Ágúst B. Karlsson

Á.T.V.R.

HÖFUM ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI:

ILMVÖTN

BÖKUNARDROPA

RAKSPÍRA

MIKILL OG STÓR LAGER

Áfengis- og tóbaksverzlun Ríkisins

LANDSBANKINN

BANKI FYRIR ALLA LANDSMENN

ÖNNUMST ALLS KONAR VÍXIL OG LÁNSVIÐSKIPTI

ERLENDUR GJALDEYRIR, ERLEND VIÐSKIPTI

EINNIG ÖLL ÁVÍSANA OG SPARISJÓÐSVIÐSKIPTI

Landsbanki Íslands



Finnur A. Karlsson



Kristján Jóh. Agnarsson



Rúnar Eggertsson

Daginn eftir, sunnudag, voru síðan leiknir tveir leikir við a- og b-lið S.A. og töpuðust báðir leikirnir með nokkrum mun. — Síðar um daginn var flogið aftur til Reykjavíkur. Þótti ferð þessi hafa tekizt mjög vel og verið góð reynsla fyrir lið S.R.

Ákveðið hafði verið í samráði við forystumenn S.A., að reynt yrði að halda árlega að minnsta kosti tvo leiki milli þessara aðila annan fyrir sunnan en hinn fyrir norðan, og var einnig ákveðið að lið S.A. skyldi reyna að koma suður við fyrsta tækifæri. Þetta tókst ekki, því fresta varð leiknum á síðustu stundu vegna slæmra veðurskilyrða.

Það varð því ekkert af heimsókn Akureyringa fyrr en veturinn 1967—'68 og flugu þeir í garð laugardaginn þann 6. jan. 1968.

Undirbúningur hafði gengið vel og stórbætt aðstaða á Melavellinum gerði kleift að halda hér leik. — Keppnin átti að hefjast kl. 14 og voru þá mættir þar nokkur hundruð áhorfendur til að hvetja S.R. til dádá. — Úrslit urðu þó svipuð og veturinn áður, nema hvað S.R. þótti standa sig

mun betur en áður. S.A. vann leikinn með 9 mörkum gegn 3.

Um kvöldið bauð S.R. keppendum og starfsmönnum til kvöldverðar að Hótel Sögu.

Daginn eftir, sunnudaginn 7. jan., var svo haldið hraðmót með þátttöku tveggja liða frá hvoru félagi. Úrslit urðu þau, að a-lið S.A. vann a-lið S.R. með 5:1, a-lið S.A. vann b-lið S.R. með 8:1, a-lið S.R. vann b-lið S.A. með 8:0 og b-lið S.A. vann b-lið S.R. með 2:1.

KAUPFÉLAGIÐ HÓLMAVÍK

FERÐAMENN

ATHUGIÐ

HÖFUM ALLT TIL

FERÐALAGA

KAUPFÉLAGIÐ HÓLMAVÍK

Síðdegis á sunnudag flugu svo liðsmenn S.A. heim með F.Í.

Er komið var fram yfir mánaðarmótin jan.—febr. var ákveðið, að S.R. skyldi endurgjalda heimsókn þeirra norðanmanna.

Um svipað leyti kom bréf að norðan þess efnis, að þar sem tekizt hefði að koma á reglubundinni keppni milli þessara tveggja félaga, hefði Sjóvá á Akureyri gefið bikar til þessarar keppni, en í reglugerð hans er sagt að nota mætti hann í bæjarkeppni milli Akureyrar og Reykjavíkur eða í keppni milli þessara tveggja félaga. Bikarinn vinnst til eignar ef sami aðili vinnur hann þrisvar í röð eða fimm sinnum alls, en litla afsteypu af honum fær sá aðili, sem vinnur hann hverju sinni. — Þar eð S.R. og S.A. eru einu félög landsins sem hafa á að skipa íshockeyliði var það að ráði að efnt skyldi til bæjarkeppni að fengnu leyfi viðkomandi yfirvalda á hvorum stað.

Fyrri hluta febrúarmánaðar var flogið til Akureyrar, og mættu fulltrúar S.A. á flugstöðinni til að taka á móti hópnum og flytja hann á gististað.

Kl. 14 hófst þessi fyrsta bæjarkeppni í íshockey milli Reykjavíkur og Akureyrar, á Krókeyrinni, félagssvæði S.A., með því að Hermann Stefánsson formaður Íþróttabandalags Akureyrar mælti nokkur orð og bauð gesti velkomna til þessarar fyrstu bæjarkeppni í íshockey hérlandis.

Leikurinn var aldrei spennandi, til þess voru yfirburðir Akureyringa of miklir, og lauk leiknum með sigri þeirra, 17 mörkum gegn engu, en þessi tala gefur þó nokkuð ranga mynd af getu liðanna, að okkar álit.

Að leik loknum afhenti síðan fulltrúi Sjóvá Akureyringum sigurlaunin.

Nokkur hundruð áhorfendur voru að þessum leik og skemmtu sér hið bezta.

Um kvöldið var liðsmönnum S.R. boðið

til kvöldverðar í Sjálfstæðishúsinu og voru sýndar þar kvikmyndir um íshockey. Skemmtu menn sér hið bezta fram eftir kvöldi.

Á sunndag var síðan haldin hraðkeppni með svipuðu sniði og áður. A-lið S.A. vann a-lið S.R. með 3:2, b-lið S.A. vann b-lið S.R. með 7:3, a-lið S.A. vann b-lið S.R. með 3:0 og a-lið S.R. vann b-lið S.A. með 4:2.

Er halda skyldi heim um kvöldið reyndist ófært vegna veðurs, svo við urðum að gista enn eina nótt og þótti fæstum miður því gestrisni norðanmanna var viðbrugðið, en flestir okkar gistu á heimilum meðlima S.A. — Næsta morgun var svo haldið heim og ánægjulegri en lærdómsríkri ferð lokið.

Þessi vetur var okkur reykvískum skautamönnum nokkuð hagstæður þegar á heildina er litið. Vetur gekk snemma í garð og gerði góð svell, en upp úr áramótum urðu þó miklir umhleyppingar og var t. d. ekkert komizt á skauta mestallan janúarmánuð, því reyndust menn heldur illa undir bæjarkeppnina í íshockey búnir. Síðar um veturinn komu dágóðir kaflar, en engin mót voru haldin það sem eftir var vetrar.

K. J. A. og Á. B. K.

BLAÐ SKAUTAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

I. TBL.

1969

I. ÁRG.

RITNEFND:

ANDRÉS SIGURÐSSON

ÁGÚST B. KARLSSON

FINNUR A. KARLSSON

KRISTJÁN JÓH. AGNARSSON

PRENTAD Í PRENTSMIDJU BALDURS JÓNSSONAR
MYNDAMÓT: KASSAGERÐ REYKJAVÍKUR

VÆRÐARVOÐIN FRÁ ÁLAFOSS

Í PREM STÆRÐUM,
MÖRGUM MUNSTRUM
OG
LITASAMSETNINGUM

SVO LÉTT OG HLÝ —

SVO STÓR OG GÓÐ

ÁLAFOSS — ÞINGHOLTSSTRÆTI 2 RVÍK
SÍMI 13404

HINAR HEIMSKUNNU

ÍSHOCKEY-VÖRUR

FRÁ

COOPER-WEEKS, LTD.

CANADA

ANDRÉS SIGURÐSSON
SÍMI 17920

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

Við höfum jólaölið handa yður ·

Sími 11390

A B C

Útvega allar skautavörur frá A B C ·

L. H. Muller, Suðurlandsbr. 12 Sími 30620

BÍLALEIGA MAGNÚSAR

Skipholti 21 · Sími 21190

GULLSMÍÐASTOFA JÓHANNESAR

Skólavörðustíg 7

MUNIÐ EMMES-ÍSINN

Mjólkursamsalan · Sími 10700

MÓNA - SÆLGÆTISGERÐ

Stakkahrauni 1 · Sími 50300

Sælgæti í miklu úrvali

HAMPIÐJAN HF.

Stakkholti 4 · Sími 11600

SENDIBÍLASTÖÐIN HF.

Borgartúni 21 · Nýja símanúmerið okkar
er 2-50-50

Látið okkur sjá um flutningana

TRYGGING HF.

Hvar er best tryggt?

Hjá Tygging hf., Laugavegi 178

Sími 21120

S



BRAUN

SIXTANT
OG
SIXTANT „S“

RAFMAGNSRAKVÉLAR MEÐ RAKSTURSEIGINLEIKUM
RAKSÁPU OG RAKBLAÐS

Fást í raftækjaverzlunum í Reykjavík og víða
um land · „Service“: SIXTANT „S“-vélar
til prófunar fyrir væntanlega kaupendur
fyrir hendi í ýmsum verzlunum.

BRAUN-UMBODIÐ: RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF.
REYKJAVÍK — SÍMAR 17975 OG 17976

TEKNISTOFAN ÁRMÚLA 6
Sími 38750
Látið teikna húsið hjá okkur

FÍAT-UMBODIÐ
Davíð Sigurðsson, Laugavegi 178
Sími 38888

OFNASMIÐJAN HF.
Einholti 10 · Sími 21220
Ofnar · Hillur · Vaskar

ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ
Sími 19707
Munið bækurnar frá okkur

HINIR HEIMSPÉKKTU

TACKS by



C-C-M

ÚTVEGA ALLAR ÍSHOCKEY-VÖRUR FRÁ

C.C.M.



ÁGÚST B. KARLSSON
SÍMI 52907



Dönsk form — íslensk vinna

BEZTU HÚSGAGNAKAUPIN — ÁVALLT NÝJUSTU GERÐIRNAR



**Auðbrekku 59
Kópavogi
Sími 4-24-00**



NJÓTIÐ þeirrar ánægju,
sem Coca-Cola veitir.

Ætíð hið rétta bragð
- aldrei of sætt - ferskt og hressandi.



FRAMLEITT AF VERKSMÍÐJUNNI VÍFILFELL Í UMBODI THE COCA-COLA COMPANY